



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

9. maí 2005 - 123. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Tvö silfur og eitt brons

Íslensku unglíngalandsliðnum í körfubolta gekk vel á Norðurlandamótinu í Svíþjóð og fengu tvenn silfurverðlaun og eitt brons.

ÍPRÓTTIR 68

Pólítísk hrossakaup

Ólafur Hannibalsson segir að á Íslandi fái kjósendur aldrei tækifæri til að kjósa um verk nokkurrar ríkisstjórnar.

FÓLK 16

Blóðugt Stjórnustríð

Bandarískur gagnrýnandi segir nýjustu Star Wars-myndina vera blóðbað. Myndin verður bönnuð börnum innan 12 ára í Bretlandi og Bandaríkjunum.

FÓLK 26

VEÐRIÐ Í DAG

Viðast nokkur vindur

RIGNING Í REYKJAVÍK og víða á vesturhellingi landsins. Úrkomulaust allra austast. Hiti víðast 4-9 stíg. Dregur úr úrkomu í höfuðborginni síðdegis eða í kvöld.

VEÐUR 4

77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Ingibjörg Sólrún með meira fylgi en Össur

Samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið gerði í gær er lítill munur á fylgi Össurar og Ingibjargar Sólrúnar þegar mið er tekið af öllum svörum. Össur nýtur aðeins stuðnings um fjórðungs þeirra sem segjast kjósa Samfylkinguna.

KÖNNUN Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að lítill munur er á fylgi þeirra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar þegar litið er til svara stuðningsmanna allra flokka. Stuðningsmenn Samfylkingarinnar virðast þó heldur hallast að forystu Ingibjargar.

44,8 prósent aðspurðra sögðu Össur heppilegri leiðtoga fyrir Samfylkinguna á meðan 49,8 prósent telja Ingibjörgu betri kost. 73,8 prósent þeirra sem kváðust styðja Samfylkinguna telja farsælla fyrir flokkinn að Ingibjörg verði formaður en 24,6 prósent álíta að Össur sé betri kostur.

„Stóru tíðindin í þessu eru að við Ingibjörg erum tiltölulega jöfn á meðal þjóðarinnar. Þar hefur því verið alger viðsnúningur frá fyrri könnunum. Þar hef ég greinilega

sótt mjög á því við stöndum nánast jafnfætis þar. Þetta er í samræmi við að við í mínu framboði höfum fundið góða strauma liggja í átt til okkar,“ segir Össur. „Ég bið hins vegar eftir því að hæstiréttur í málinu, félagar í Samfylkingunni sem nú eru í óða önn að kjósa, felli sinn dóm. Ég uni honum á hvorn veg sem verður.“

Ingibjörg Sólrún er ánægð með niðurstöður könnunarinnar. „Ég get ekki annað en verið það, því í þeim felast vísbendingar um að ég standi sterkt að vígi innan Samfylkingarinnar. Ég undirstrika samt að þetta er ekki enn komið upp úr kjörkössunum. Það skiptir auðvitað mestu máli að fólk kjósi.“

Úrtakið í könnuninni var 800 manns. Það skiptist jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjöræðum. Spurt var: Hvort telur þú

farsælla fyrir Samfylkinguna að Össur Skarphéðinsson eða Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði formaður flokksins? Svarhlutfallið var 76 prósent.

-shg
Sjá síðu 4.



Fólk þjáð af getuleysi: Afkastar minna

ÞÝSKALAND Vinnuafköst fólks sem glímir við getuleysi eru minni en annarra. Þetta kemur fram í könnun sem gerð var í Þýskalandi.

Hún leiðir í ljós að getulausir karlmenn eyða að meðaltali rúmum klukkutíma af vinnutíma sínum í vangaveltum um þann vanda sem af getuleysinu leiðir.

Jafnframt kom fram að þetta vandamál leggst enn verr á konur en karla því þær reyndust eyða allt að einni og hálfri klukkustund af vinnutíma sínum í að velta vandanum fyrir sér. ■

FEITMETI Rannsókn sýnir að fólk sem borðar ruslfæði er hættara við umferðarslysum.

Rannsókn á ruslfæði Hættulegt í umferðinni

DANMÖRK Dönsk rannsókn leiðir í ljós að neytendur ruslfæðis eru hættulegri í umferðinni en annað fólk.

Rannsóknin var gerð meðal flutningabílstjóra sem vitað er að drekka mikið af gosi og borða trefjasnauðara fæði en aðrir þjóðfélags hópar. Í ljós kom að viðbrögð þessara manna voru mun hægar en eðlilegt getur talist. Ástæðurnar má rekja til þess að skyndibitamatur inniheldur meira magn af auðmeltum kolvetnum en annar matur. Þau valda því að blóðsykursmagn í líkómun neytenda fellur hratt skömmu eftir neyslu og þeir verða slappir og svifaseinir. ■



VLADIMÍR PÚTÍN OG GEORGE W. BUSH George W. Bush Bandaríkjaforseti settist undir stýri á Volga-bíl Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta og saman keyrðu þeir nokkra hringi á heimreiðinni við heimili Pútíns í Odínsovskíhverfi fyrir utan Moskvu, höfuðborg Rússlands, í gær. „Ég skemmti mér svo vel, við skulum fara annan hring,“ sagði Bush. Báðir verða við hátíðahöld í Moskvu í dag þar sem endaloka seinni heimsstyrjaldar er minnst.

Hryðjuverk í höfuðborg Írak: Íslendingur særðist í sprengjuárás

ÍRAK Íslenskur öryggisvörður særðist í bílsprengjuárás sem kostaði tvo samstarfsmenn hans lífið í Bagdad á laugardag.

„Ég held hann hafi sloppið við varanleg meiðsli, hann er að minnsta kosti mjög lítið slasaður sem betur fer,“ sagði Ólafur E. Magnússon, faðir Jóns Ólafssonar, í gærkvöldi. Hann heyrði í Jóni

þegar skömmu eftir árásina þegar gert hafði verið að sárum hans.

Jón Ólafsson var með sex öðrum mönnum í bíl þegar árásin var gerð. Tveir manna létust í árásinni og þrír særðust talsvert en Jón og annar maður særðust sýnu minna en þeir sem voru með þeim í bílnum. Hann fékk sprengjubrot í andlitið.

Jón er 35 ára og hefur verið í Írak sem öryggisvörður fyrir bandarískt fyrirtæki í hálfri ári.

„Maður veit að þeir sem eru þarna eru í einhverri hættu,“ segir Ólafur faðir hans. „Við höfum haft samband og ég hef talið hann nokkuð öruggan.“

- bpg

VÍKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Föstudagar

Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Kristján, var ódýrasta leiðin valin?

Nei, tillöguhöfundurinn vill láta aðra borga

Akureyrbaer stóð nýlega fyrir alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri. Tillögur tveggja skoskra arkitekta urðu ofan á í keppninni en Skotar eru annaðir fyrir hagsýni.

Forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

Pingmenn sýni alvöru og heilindi

SAMGÖNGUMÁL Allt útlit er fyrir að vegaaætlun fyrir næstu fjögur ár verði samþykkt að mestu óbreytt á Alþingi fyrir þinglok síðar í vikunni. Aætlunin var afgreidd úr samgöngunefnd þingsins án verulegra breytinga en búast má við fjórlegum umræðum um aætlunina.

Gunnar I. Birgisson þingmaður Sjálfstæðisflokks og verðandi bæjarstjóri í Kópavogi hefur deilt harkalega á þá staðreynd að höfuðborgarsvæðið fær einungis fimmtung þess fjár sem verja á til vegafarmkvæmda á næstu fjórum árum. Hann hefur lagt fram eigin vegaaætlun sem tekin verð-



LÚÐVÍK GEIRSSON BÆJARSTJÓRI Í HAFNARFIRÐI Skorar á þingmenn höfuðborgarsvæðis að taka á samgöngumálum svæðisins af festu við afgreiðslu vegaaætlunar.

ur til umræðu á þingi í vikunni.

Forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa lýst yfir stuðningi við tillögur Gunnars. „Ég treysti því og trúi að þingmenn höfuðborgarsvæðisins horfi til þeirrar stöðu sem uppi er í samgöngumálum svæðisins og taki á þessum málum af alvöru og heilindum“, segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði. Hann segir tillögur Gunnars endurspegla þær áherslur sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tala fyrir. „Við leggjum áherslu á að tekið verði tillit til sjónarmiða okkar í málinu“, segir Lúðvík.

- ssa

Stolin vegabréf í Kína:

Ólöglegir í Danmörku

DANMÖRK Mörg hundruð stolin dönsk vegabréf og vegabréfsáritanir ganga nú kaupum og solum í Kína. Danska lögreglan segir að ólöglegum innflytjendum frá Kína hafi fjölgað verulega á síðustu misserum.

Vegabréfunum og áritununum var stolið frá danska sendiráðinu í Slóvakíu í október í fyrra og er talið víst að pappírarnir hafi verið fjölfaldaðir. Þeir hafa verið boðnir til sölu á Internetinu og virðist sem áhuginn á þeim sé hvað mestur í Kína. Nýlega voru þrír Kínverjar stöðvaðir á Kastrup með falskar vegabréfsáritanir. ■

Banaslys á Breiðholtsbraut:

Maðurinn sem lést

ANDLÁT Maðurinn sem lést af völdum hjartaslags þegar hann keyrði um Breiðholtsbraut á föstudagsmorgun hét Jóhannes Guðvardarson. Hann var 66 ára, fæddur 25. desember 1938, og til heimilis að Vesturbergi 36 í Reykjavík. Hann skilur eftir sig eiginkonu og fjögur uppkomin börn.



JÓHANNES GUÐVARDARSON

- þþg

Enski boltinn á nýja stöð:

Boltinn á breiðbandið

SJÓNVARP Enski boltinn truflar ekki dagskrá Skjás eins næsta vetur því stofnuð verður sérstök áskriftarstöð tileinkuð honum á breiðbandinu.

Þeir sem ekki eru tengdir breiðbandinu geta fengið sérstakan ADSL-búnað og náð útsendingum í gegnum hann.

Snorri Már Skúlason, verkefnisstjóri enska boltans á Skjá einum, segir þetta verða byltingu í allri umfjöllun um enska boltann. „Við munum geta sýnt áttafju prósent leikjanna í beinni útsendingu og aðáendur geta valið sér leiki,“ segir hann og reiknar með því að áskriftin verði ekki mjög dýr. Snorri segir ljóst að þessi tilhögun þýði að stöðin þurfi að bæta við sig starfsfólki. „Það verða líka allar lýsingar frá leikjunum að vera á íslensku.“ -fgg

LÖGREGLUFRETTIR

SINUBRUNI Í MOSFELLSDAL Tilkynt var um sinubruna við Seljabrekku um miðjan dag í gær. Slökkviliðið var um tvo tíma að ráða niðurlögum eldsins. Öllum skipulögðum sinubrunum á að vera lokið fyrir fyrsta maí.



HLAÐGERÐARKOT Forstöðumaðurinn lagði til að maðurinn yrði vistaður á geðdeild. Hann var haldinn ranghugmyndum og óttast var að hann myndi skaða sjálfan sig og aðra.



GEÐDEILDIN Maðurinn var vistaður í rúman hálfan sólarhring á geðdeild Landspítalans og var þá útskrifaður. Eftir að honum var sleppt rændi hann tveimur bílum eftir að hafa hótað öikumönnum.



LÖGREGLUSTÖÐIN Í REYKJAVÍK Eftir að maðurinn var handsamaður var hann færður á lögreglustöðina. Lögregla kallaði eftir lækni sem mæltist til að maðurinn færi á sjúkrahús, þar sem hann dvelst nú.

Sendur af geðdeild og rændi bílum

Ungur maður, sem var útskrifaður af geðdeild, rændi tveimur bílum með því að hóta öikumönnum. Hann ók glæfraakstri þar til hann missti stjórn á öðrum bílnum sen endaði mikið skemmdur utanvega. Maðurinn er á sjúkrahúsi.

LÖGREGLUMÁL Eftir að karlmanni var sleppt af geðdeild Landspítalans ruddist hann inn í bíl skammt frá geðdeildinni. Konu, sem var á bílnum, tókst að komast út og gera lögreglu viðvart, sem hóf leit að bílnum.

Skömmu síðar var tilkynnt um að bíl hefði verið ekið út af Vesturlandsvegi, við Hlégarð í Mosfellsbæ, og reyndist það vera bílinn sem rænt var við sjúkrahúsið skömmu áður. Litlu mátti muna að slys hlýst af en bílinn, sem er af gerðinni Land Rover, skemmdist mikið.

Tvær konur á Daihatsu-bifreið vildu aðstoða þann sem ekið hafði út af. Ökumaðurinn hratt upp bílstjórarahurðinni, dró konuna út úr bílnum og hrinti henni í götuna. Hann settist undir stýri og ók sem leið lá að Hlaðgerðarkoti, en þar hafði hann verið í vímuefnameðferð en eftir að háttarlag hans olli ótta um að hann skaðaði sjálfan sig eða aðra var hann sendur á geðdeild eftir að lækni hafði skoðað hann. Læknar á geðdeildinni sáu hins vegar ekki ástæðu til að halda honum lengur.



LAND ROVERINN Jeppinn er talsvert skemmdur og lán er að enginn slasaðist.



MANUÍÐIR/STÖÐ 2

Maðurinn var ekki vistaður í nauðungarvistun eins og heimild mun vera til. Hvorki Svanur Óskarsson, forstöðumaður í Hlaðgerðarkoti, né Flosi Karlsson, læknir sem óskaði upphaflega eftir að maðurinn færi á geðdeild, vildu tjá sig um ákvörðun geðdeildarinnar. Ekki náðist í vakhafandi lækni á geðdeildinni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

„Það er rétt að ég kallaði til lækni til að fá álit hans. Vistmaðurinn hafði átt við geðræn vandamál að stríða. Hann var mjög þunglyndur auk þess sem hann hafði rang-

hugmyndir um að skaða sig og aðra,“ sagði Svanur sem óttaðist um heilsu mannsins.

Að sögn Árna Þórs Sigmundssonar, aðalvarðstjóra lögreglunnar í Reykjavík, þótti mesta mildi að ekki fór verr. „Aksturinn þótti glæfralegur,“ sagði Árni Þór. Eftir handtökuna var hann færður á lögreglustöð þar sem rætt var við hann. Læknir var kallaður til og komst hann að sömu niðurstöðu og Flosi Karlsson hafði gert, hálfum sólarhring áður. Maðurinn var færður á sjúkrahús þar sem hann dvelst nú.

freyrgigja@frettabladid.is

Nýtt úrræði til staðar á Kleppi:

Hjálpa á veiku fólki

HEILBRIGÐISMÁL Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, segir slys á borð við að fólki sé hleypt of snemma út af geðdeild allt of tíð. Hann segir enn fremur að nýju úrræði fyrir erfiðustu sjúklingana hafi verið komið á fót á Kleppspítala.

„Þegar mjög veiku fólki er vísað frá á þeim grundvelli að það sé of veikt á það aðeins um tvo möguleika að velja. Að lenda á götunni eða brjóta af sér í örvingu og lenda í fangelsi. Þetta nýja úrræði á að koma í veg fyrir þessa hluti,“ segir Sigursteinn. „Oft er þetta fólk sem vísað er frá meðferðarheimilum vegna þess að það er talið vera of geðveikt og svo er því vísað frá geðdeildum vegna þess að það er talið eiga mestmegnis í vandræðum með vímuefni.“ Sigursteinn segir hópinn ekki

stóran, um tuttugu einstaklinga, sem á við svona erfið veikindi að stríða. Hann segist hafa nýlega settið á fundi með yfirmönnum geðsviðs Landspítalans þar sem nýja úrræðið var kynnt og það eigi að nýtast erfiðustu sjúklingunum. „Ég trúir því ekki fyrr en ég tek á því að menn ætli ekki að láta verkin tala. Það er lagaleg og siðferðisleg skylda hins opinbera að hjálpa þessu fólki.“ -fgg

SIGURSTEINN MÁSSON „Ég trúir því ekki fyrr en ég tek á því að menn ætli ekki að láta verkin tala,“ segir Sigursteinn um aðbúnað geðsjúkra.



NISSAN
PATHFINDER XE



SKIPT um landslag



Beinskiptur **3.990.000 kr.**

- 2.5 L dísilvél
- 174 hestófl
- Tvöföld loftkæling
- 5 sæta
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Geislaspilari og útvarp
- ABS + EBD
- 4 loftþúðar
- ISOFIX barnablitólafestingar
- 17 tonnu álfelgur
- ESP skriðvörn
- Gardinuloftþúðar

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is


Mynd af bíl er Pathfinder SE

VIÐ ÓSKUM ÍSLENSKUM PRENTIÐNAÐI TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

Í dag eru liðin 150 ár
frá því að Friðrik VII
Danakonungur
undirritaði tilskipun
9. maí 1855 þess efnis
að á Íslandi skyldi
ríkja prentfrelsi.

DAGAR ÍSLENSKS PRENTIÐNAÐAR 22. OG 23. SEPTEMBER 2005

Efnt verður til glæsilegrar ráðstefnu fimmtudaginn 22. september undir yfirskriftinni - **Frá hugmynd til markaðar** - en þar munu virtir innlendir og erlendir fyrirlesarar halda erindi. Að auki verður efnt til margvíslegra viðburða en dagskráin verður nánar kynnt síðar.



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 06.05.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,99	64,29
Sterlingspund GBP	121,49	122,09
Evra EUR	82,90	83,36
Dönsk króna DKK	11,14	11,20
Norsk króna NOK	10,22	10,28
Sænsk króna SEK	9,05	9,10
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR XDR	96,98	97,56

Gengisvísitala krónunnar

114,43 +0,26%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherraefni í ríkisstjórn al-Jaafari:

Afbakkaði ráðherraembættið

BAGDAD, AP Enn og aftur er komið babb í bátinn í írösku stjórnarmynduninni. Þegar útlit var fyrir að skipað hefði verið í öll ráðherraembætti neitaði eitt ráðherraefnanna að taka við stöðu sinni.

Íraksþing samþykkti í gær endanlegan ráðherralista Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra en samkvæmt honum fá sunnjar fjögur ráðherraembætti til viðbótar við þau fjögur sem þeir þegar höfðu. Hina mikilvægu stöðu varnarmálaráðherra hreppti Saadoun al-Duleimi, sem áður vann í hinu alræmda öryggismálaráðuneyti Saddams Hussein



HASHIM ABDUL-RAHMAN AL-SHIBLI

en flúði svo til Sádi-Arabíu árið 1984. Hann er frá Anbar-héraði en þar hefur ólgan í landinu verið

einna mest. Sjáir fá aftur á móti olíumálaráðuneytið og sest Ibrahim al-Uloum í þann stól.

Í gær neitaði hins vegar sunninn Hashim Abdul-Rahman al-Shibli að taka við stöðu mannréttindamálaráðherra þar sem hann vildi ekki fá embætti sitt út á það hvaða trúarhópi hann tilheyrði. Slíkar stöðuveitingar væru einungis til þess fallnar að breikka gjána á milli hinna ólíku hópa sem búa í landinu.

Öll þessi togstreita þýðir að tíminn er að verða naumur fyrir ríkisstjórnina að semja stjórnarskrá en því á að vera lokið um miðjan ágúst. ■

Tilræðin í Mjanmar:

Stjórninni kennt um

YANGON, AP Mikill viðbúnaður er í Mjanmar eftir að ellefu manns biðu bana og 162 særðust í þremur sprengjutilræðum á laugardaginn. Sprengingarnar urðu á fjölförnum stöðum, í verslunarkjörnum og ráðstefnumiðstöð.

Herforingjastjórnin í landinu kenndi skæruliðahópum stjórnarandstæðinga um tilræðin. Þeir hafa aftur alfarið neitað aðild að ódæðnum og segja að herforingjastjórnin sjálf hafi staðið fyrir þeim. Mjanmar, sem áður kallaðist Burma, hefur verið undir stjórn hersins í rúmlega fjórutíu ár og er ekki útlit fyrir lýðræðisumbætur í landinu í bráð. ■

Þýski sendiherrann:

Vita lítið um Þjóðverja

BRETLAND, AP Bretar eru einstaklega áhugasamir um Þýskaland undir stjórn nasista en vita sáralítið um sögu þess eftir seinni heimsstyrjöld, sagði Thomas Matussek, sendiherra Þýskalands í Bretlandi, í viðtali við Sunday Telegraph.

Matussek sagði mikið hafa breyst frá því að hann kom fyrst til Bretlands 1977. Þá hafi Bretar vitað mikið um Þýskaland Hitlers en líka um Þýskaland nútímans. Nú væru þeir hins vegar lítt fróðir um Þýskaland í dag. ■



MÓTMÆLI Í EPIÓPIU Fjöldmenni var á kosningafundi helsta stjórnarandstöðuflokksins.

Addis Ababa:

Kvartmilljón mótmælti

EPIÓPIA, AP 250 þúsund manns mótmæltu stefnu stjórnvalda á fjölda-fundi helsta stjórnarandstöðuflokksins í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu í gær.

Hailu Shawel, formaður Bandalags einingar og lýðræðis, hét því að fjölga störfum og glæða efnahag landsins lífi þegar hann ávarpaði fundarmenn, viku fyrir þingkosningar sem fram fara næsta sunnudag. Fundargestir gagnrýndu stjórnvöld fyrir að vinna ekki bug á fátækt og ganga illa að sjá landsmönnum fyrir heilbrigðisþjónustu. ■

Mjótt á mununum hjá Össuri og Ingibjörgu

Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að lítil munur er á fylgi þeirra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar, sé tekið mið af svörum stuðningsmanna allra flokka. Kjósendur Samfylkingarinnar virðast þó heldur hallast að Ingibjörgu.

KÖNNUN Örlitlu fleiri telja farsælla fyrir Samfylkinguna að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði formaður flokksins en Össur Skarphéðinsson samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þegar eingöngu er litið til stuðningsmanna flokksins hefur Ingibjörg þó yfirburði yfir Össur.

Þegar þrettán dagar eru þar til úrslitin úr formannskjöri Samfylkingarinnar liggja ljós fyrir er ljóst að bilið á milli frambjóðendanna tveggja, Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fer minnkandi. Í

könnun Fréttablaðsins sem gerð var í gær kemur fram að 44,8 prósent aðspurðra telja farsælla að Össur leiði flokkinn en 49,8 prósent segja að Ingibjörg Sólrún sé betur til forystunnar fallin. Íbúar landsbyggðarinnar eru jákvæðari í garð Össurar en Ingibjargar, en konur vilja heldur að Ingibjörg leiði Samfylkinguna en Össur.

Þegar eingöngu er litið til þeirra sem sögðust myndu kjósa Samfylkinguna hefur Ingibjörg hins vegar talsverða yfirburði. 73,8 prósent kjósenda Samfylkingarinnar segja að farsælla sé fyrir flokkinn að Ingibjörg Sólrún leiði hann en 24,6 prósentum

finnst Össur heppilegri formaður. Lítil munur er á kynjunum að þessu leyti svo og afstöðu landsbyggðarbúa gagnvart afstöðu höfuðborgarbúa. Sökum þess hversu fá svör eru á bak við þennan lið könnunarinnar þá skal tekið fram að hann er ekki tölfræðilega marktækur þótt í honum felist ákveðnar vísbendingar.

Í febrúar var fólk spurt um mat þess á hver yrði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi. Þegar litið er til alls úrtaksins þá var munurinn á þeim Össuri og Ingibjörgu meiri en nú, en minni þegar aðeins er horft til kjósenda Samfylkingarinnar. Það

skal hins vegar tekið fram að febrúarspurningin er ekki hin sama og sú sem þátttakendur voru spurðir að núna. Það skal jafnframt ítrekað að svör kjósenda Samfylkingarinnar eru ekki nógu mörg til að vera tölfræðilega marktæk.

Úrtakið í könnuninni var 800 manns. Það skiptist jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvort telur þú farsælla fyrir Samfylkinguna að Össur Skarphéðinsson eða Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði formaður flokksins? Svarhlutfall var 76 prósent.


sveinng@frettabladid.is

KÖNNUN GERÐ 8. MAÍ 2005

Hvort telur þú farsælla fyrir Samfylkinguna að Össur Skarphéðinsson eða Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði formaður flokksins?*

KÖNNUN GERÐ 2. FEB. 2005

Hver telur þú að verði formaður Samfylkingarinnar að loknu flokksþingi?*




VEÐRIÐ Í DAG

HITINN ER HELDUR AÐ POTAST UPP Það er fjarri því hitaþylgja í kortunum þótt loftið yfir landinu sé heldur mildara en verið hefur, einkum fyrir þá sem búa norðan heiða. **OG BORGARBÚAR FÁ RIGNINGU?** Já, nú er vatnsveður í kortunum fyrir höfuðborgarbúa fram á kvöld. Og síðdegis í dag gæti víða dropað þótt úrkoman verði hvað mest á vesturhellingi landsins. **HVAR ERU ALVÖRU HLYNDI?** Þeir hafa það býsna flott í Madrid og Orlando á Florida!!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegis



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	10°C skýjað	Paris	15°C skýjað	Alicante	27°C heiðskirt
Oslo	13°C skýrur	Berlin	11°C léttskýjað	Milano	19°C léttskýjað
Stokkhólmur	12°C skýjað	Amsterdam	10°C skýjað	New York	17°C skýjað
Helsinki	13°C léttskýjað	Madrid	26°C skýjað	San Francisco	16°C þrumur
London	14°C skýjað	Barcelona	21°C skýjað	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Nýr Alfa Romeo 147




21.781*

- á mánuði. Verð frá 2.150.000 kr.

PTT ení Malarhöfða 2a // 110 Reykjavík // sími 5709900 // www.alfaromeo.is

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. lánslíma.

sumir fara aldrei fram úr aftur 



HVITA HÚSÍÐ / SÍA - 2795



KJÖRKASSINN

Fylgist þú með þróun Úrvals-
vísitölunnar?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	30,3%
Nei	69,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Lagðist þú á ljósabekk í vetur?

Farðu inn á fréttahluta visir.is
og segðu þína skoðun



Formaður Sleipnis um díselverð:

Lítill munur ögrar

DÍSELVERÐ „Mér er það til efs, þrátt fyrir þessa fimm krónu lækku, að atvinnubílstjórar séu spenntir fyrir því að vera á díselbíl frekar en bensínbíl, segir Óskar Stefánsson, formaður Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að lækka dísilólíugjald um fimm krónur á lítrann frá 1. júlí næstkomandi en að óbreyttu heimsmarkaðsverði hefði dísilólífa orðið dýrari en bensín frá 1. júlí.

Óskar telur þessa breytingu þó aðeins til bóta en segir að mönnum finnst þetta samt sem áður í hærra lagi og lítill

ögrandi mismunur sé milli bensínlítraverðs og díselólíuverðs.

Óskari sýnist að díselbílum muni fækka komi ekki til enn frekari lækkunar á dísellítranum. Hugsanlega myndu menn hugsa sig verulega um ef mismunurinn væri 10 krónur en díselbílar eru töluvert dýrari í innkaupum en bensínbílar.

- sgi

ÓSKAR STEFÁNSSON Formaður Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis telur að díselbílum muni fækka komi ekki til frekari lækkunar díselverðs.



Úttekt Hagstofu:

Hótelgestum fækkar

FERDAMÁL Gistinóttum á hótélum landsins í mars fækkaði um rúm níu prósent miðað við sama mánuð í fyrra. Í ár var heildarfjöldi gistinóttanna í mánuðinum 62.815 en 68.070 í fyrra.

Á höfuðborgarsvæðinu var fækkunin einnig níu prósent en mestur varð þó samdrátturinn á Austurlandi en þar fækkaði gistinóttum um tæp fjörutíu prósent. Aðallega eru það útlendingar sem hafa dregið úr hóteldvöl hér á landi en þeir voru fimmtán prósentum færri í marsmánuði í ár en sama mánuð í fyrra. Íslendingum fækkaði hinsvegar um eitt prósent. -jse

Ólga og órói:

Þúsundir flýja Tógó

TÓGÓ, AP Ólga í Tógó heldur áfram eftir að Faure Gnassingbe var kjörinn forseti landsins í kosningum sem margir telja vafasamar í meira lagi. 22.000 manns eru taldir hafa flúið land síðustu vikur, 10.000 til Gana og 12.000 til Benín. Einhverjir hafa fengið húsa-skjól hjá vinum og ættingjum en stærsti hluti flóttamanna býr í búðum við lakan kost.



FAURE GNASSINGBE

Jacques Chirac, forseti Frakklands, hefur óskað Gnassingbe til hamingju með sigurinn en Tógó var nýlenda Frakka til ársins 1960. ■

AUSTURRÍKI

NEITA ÞJÓÐARATKVÆÐI Þjóðarflokkur Wolfgang Schüssels, kanslara Austurríkis, leggst gegn því að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá Evrópusambandsins. Frelsisflokkurinn, sem er í stjórn með Þjóðarflokknum, hefur barist fyrir slíkri atkvæðagreiðslu.



BOSNÍA

LÉST VIÐ SPRENGJULEIT Sprengju-sérfræðingur lét lífið í sprengingu þegar hann var að leita að jarðsprengjum í austurluta Bosnía á föstudag. Maðurinn, 32 ára Bosnía-Serbi, lét lífið þegar jarðsprengja sprakk, ein af hundruðum þúsunda sem enn eru grafnar í jörð eftir borgarastríðið 1992 til 1995.

Tony Blair hvattur til að segja af sér

Áhrifamenn í Verkamannaflokknum hvetja Tony Blair til að taka pokann sinn og láta Gordon Brown forsætisráðherraembættið eftir. Strax er farið að bera á spennu í samskiptum þeirra.

BRETLAND Þótt aðeins séu þrjú dagar liðnir frá kosningunum í Bretlandi eru samflokksmenn Tony Blair þegar farnir að leggja að honum að segja af sér. Strax hefur slegið í brýnu á milli þeirra Gordon Brown fjármálaráðherra.

Það fækkaði um 94 þingmenn í þingflokki Verkamannaflokksins eftir kosningarnar á fimmtudaginn en flokkurinn hefur nú aðeins 67 sæta meirihluta. Sá meirihluti getur reynst of naumur í umdeildum málum ef lítið er til þess hversu margir þingmenn sem hafa verið Tony Blair óþægir ljáir í þúfu náðu endurkjöri. Nú eru margir þessara manna þegar farnir að knýja á um afsögn forsætisráðherrans.

Í útvarpsviðtali við BBC í gær kvaðst Robin Cook, fyrrverandi utanríkisráðherra, vera þeirrar skoðunar að Verkamannaflokkurinn hefði sigrad í kosningunum þrátt fyrir Blair en ekki vegna hans. Cook, sem hætti í ríkisstjórninni í mótmælaskyni við innrásina í Írak, sagði að Blair ætti að hugsa vandlega um hvort nú væri ekki rétti tíminn til að láta öðrum leiðtogaembættið í Verkamannaflokknum eftir.

Í svipaðan streng tóku þingmennirnir John Austin og Jeremy Corbyn, svo og Frank Dobson, fyrrverandi heilbrigðismálaráðherra, sem sagði Blair hafa verið bagga á flokknum í kosningunum í viðtali við ITV-sjónvarpsstöðina.

Aðrir þingmenn komu Blair til varnar, til dæmis David Blunkett sem er orðinn ráðherra á ný, og Tessa Jowell, menningarmálaráðherra. Það er því ljóst að forsætisráðherrann er orðinn enn umdeildari í eigin flokki.

Blair hefur ekki enn svarað



UMDEILDUR Áhrifamenn í Verkamannaflokknum á borð við Robin Cook og Frank Dobson hafa látið þá skoðun í ljós við fjölmiðla að forsætisráðherrann hafi verið byrði á flokknum í kosningunum.

gagnrýni samflokksmanna sinna en einn talsmann hans sagði að yfirlýsing hans frá því í september um að hann sæti út kjörtímabilið stæði óbreytt. The Observer hermír að í innsta hring stuðningsmanna Blair sé rætt um að hann láti af embætti á flokksþingi Verkamannaflokksins árið 2008.

Bláðið greindi jafnframt frá

því að til snarpra orðaskipta hefði komið á milli þeirra Tony Blair og Gordon Brown vegna skipunar Andrew Adonis sem aðstoðarmanns Ruth Kelly menntamálaráðherra.

Brown lagðist eindregið gegn skipuninni og virtist Blair ætla að láta í minni pokann.

sveinng@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

INNTÖKUPRÓF Í LÆKNADEILD HÍ SJÚKRAPJÁLFUNARSKOR OG LÆKNISFRÆÐISKOR

Inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkrapjálfun verður haldið í Reykjavík dagana 21. og 22. júní 2005. Staður og stund verða tilkynnt próftakendum eftir að skráningu er lokið.

Þátttakendur þurfa að skrá sig til inntökuprófsins fyrir 5. júní 2005. Skráning er undir umsjón Nemendaskrár Háskóla Íslands og er skráningareyðublað að finna á Háskólavefnum www.hi.is og á skrifstofu Nemendaskrár í Aðalbyggingu Háskólans.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggja fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2005 fá 48 nemendur í læknisfræði og 20 í sjúkrapjálfun rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrár fyrir 20. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild eiga þess kost að skrásetja sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um inntökuprófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu læknadeildar Háskóla Íslands www.hi.is/nam/laek.



Landsfundur Landssambands eldri borgara:


Rætt um kjör og biðlista

LANDSFUNDUR „Það vantar verulega á að hlustað sé nægilega vel á okkur í sambandi við kjörin. Þar þurfum við að gera stór-átak,“ segir Benedikt Davíðsson, fráfarandi formaður Landssambands eldri borgara sem heldur landsfund á Kaffi Reykjavík í dag og á morgun. Tvö stærstu málin sem rædd verða á fundinum eru kjör eldri borgara, það eru tryggingar og skattlagning tryggingagreiðslna, og biðlistar á sjúkrahöfnum. „Biðlistarnir á hjúkrunarheimilin eru skollakornið ekkert að stytta,“ segir Benedikt, enda fjölgi mjög ört í hópi háaldraðra sem þurfi á þessari þjónustu að halda.

Á fundinum verður hlítt á nokkur gestaerindi. Árni Magnússon félagsmálaráðherra, fjallar um umdeildan flutning á yfirstjórn málefna aldraðra frá heilbrigðis- og tryggingaráuneyti til félagsmálaráuneytis. Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, gerir grein fyrir endurkröfu Tryggingastofnunar á tryggingagreiðslum fyrri ára á hendur eldri borgurum.

- sgi

BENEDIKT DAVÍÐSSON
Dregur sig í hlé eftir landsfund Landssambands eldri borgara.



MEIRI

HRAÐI OG NIÐURHAL

SAMA VERÐ.

SVONA GERUM VIÐ ÞAÐ HJÁ HIVE.

Hive Lite

Práðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

3.990

Á MÁNUÐI?*

TLV, 12 mánaða samning.

Enn og aftur setur Hive ný viðmið með því að tvöfalda hraða og erlent niðurhal í Hive Lite án þess að hækka verðið.

Nú eru allar þjónustuleiðir Hive tilbúnar fyrir sjónvarp í gegnum ADSL. Kynntu þér nýjar þjónustuleiðir á hive.is eða í verslun okkar að Grensásvegi 16.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is





VEISTU SVARID?

- 1 Hvað eru mörg ár löðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar?
- 2 Hvað lækkar litrinn af disilólíu mikið
1. júlí samkvæmt nýju frumvarpi fjármálaráðherra?
- 3 Hvað heitir veiran sem óttast er að tveir heilbrigðisstarfsmenn WHO hafi smitast af í Angóla?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Minnkandi atvinnuleysi:

Aukin þörf fyrir erlent vinnuafli

VINNUMARKAÐUR Búist er við mikilli fjölgun á útgáfu atvinnuleyfa til útlendinga á þessu ári og næstu tveimur árum að minnsta kosti. Þar af má gera ráð fyrir að þörf verði fyrir 1200-1800 atvinnuleyfi vegna stóriðjuframkvæmda.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Vinnuálastofnunar um stöðu og horfur á vinnumarkaði. Þar segir jafnframt að útgáfa nýrra atvinnuleyfa gefi vísbendingar um spurn eftir vinnuafli. Þannig hafi útgáfu atvinnuleyfa fjölgað mjög á síðasta ári miðað við árið á undan; úr 560 tímabundum leyfum í 1374. Ef leyfi sem tengjast byggingu virkjana og

stóriðju á Austurlandi eru skilin frá, hefur útgáfu nýrra tímabundinna atvinnuleyfa fjölgað um helming, úr um 500 í um 1000.

Atvinnuleysi á landinu í heild minnkaði frá 2003 til 2004, úr 3,4 prósentum í 3,1 prósent og vísbendingar eru um að það muni enn fara minnkandi á yfirstandandi ári. Gera sérfræðingar Vinnuálastofnunar ráð fyrir því að það geti farið niður í 2,4 prósent að meðaltali.

- ssal

ERLENDIR VERKAMENN
Búast má við verulegri fjölgun erlendra verkamanna hérlandis á næstu árum samkvæmt skýrslu Vinnuálastofnunar.



ETA-menn:

Þrjú þúsund ára fangelsi

MADRID, AP Dómstóll í Spáni hefur dæmt tvo menn á þrítugsaldri í 2.775 ára langt fangelsi hvorn. Þeir voru sakfelldir fyrir banatilræði við 184 farþega lestar á leið til Madrid á aðfangadagskvöld 2003, fimmtán ára langt fangelsi fyrir hvern farþega. Reyndar hafði sprengjan verið stillt til að springa eftir að för hennar lyki en hún fannst nokkru áður en hún kom á Chamartin-lestarstöðina og var samstundis af-tengd.

Tvímennigarnir þurfa þó ekki að sæta svo langri vistun því hámarks lengd refsingar fyrir hryðjuverk á Spáni er fjórutíu ár. ■

LANDHELGISGÆSLAN

ÓÐINN FANN VEÐURDUFL Varðskiptið Óðinn fann á dögnum veðurdufl 99 sjómíllur vestsuðvestur af Reykjanesi. Duflíð var í eigu bandarísku Hafrannsóknarstofnunarinnar. Duflinu var lagt út í júlí á síðasta ári en legufæri þess slitnaði í óveðri í desember. Hafði það verið á reki allar götur síðan.

SVEITARFÉLÖG

SORPSTÖÐ REIST VIÐ HÚSAVÍK
Sorpsamlag Þingeyinga hyggst byggja og reka móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð með brennslu- og orkunýtingarkerfi við Húsavík. Að rekstri Sorpsamlagsins standa sex sveitarfélög í S-Þingeyjarsýslu og eru íbúar þeirra samanlagt um fjögur þúsund talsins.

Risakrani við Kárahnjúka:

Lyftir 200 tonnnum



VIRKJUN Slippstöðin á Akureyri hefur keypt til landsins risakrana til notkunar við verkefni fyrirtækisins á Kárahnjúkasvæðinu. Kraninn er þrjú metrar á breidd, 16 metrar á lengd og með framlengingu er bóman um 50 metrar. Er þetta öflugasti kraninn á Norðurland- og Austurlandi og getur lyft allt að 200 tonnnum. Risakraninn var keyptur til að lyfta röraeiningum sem notaðar verða í fallgöng Kárahnjúkavirkjunar og er hver þeirra um 45 tonn að þyngd.

- kk

RISAKRANINN VIÐ KÁRAHNJÚKA
Kraninn var keyptur í Sviss og honum ekið til Danmerkur þar sem hann fór í Norrænu.



ÓVISSA UM ÞINGHALDIÐ Stjórnarandstaðan segist geta setið næstu vikur á þingi, eða eins lengi og þurfa þykir og boðar nýjan fjölmiðlaslag vegna laga um Ríkisútvarpið.

Tilbúnir í nýjan fjölmiðlaslag

Stjórnarandstæðingar eru tilbúnir að sitja næstu vikur á þingi ef reynt verður að keyra í gegn frumvarp um Ríkisútvarpið án nauðsynlegrar umræðu.

RÍKISÚTVARPIÐ Sigurður Kári Kristjánsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menntamálanefnd Alþingis, segir að unnið sé að umtalsverðum endurbótum á frumvarpinu um Ríkisútvarpið og breytingatillögur meirihlutans verði kynntar á fundi nefndarinnar í dag.

Veigamiklar athugasemdir hafa verið gerðar við þá kafla frumvarpsins sem snúa að réttindum starfsmanna ef rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt. Fulltrúar Samfylkingar í efnahags- og viðskiptanefnd hafa gert athugasemdir við fjármögnun Ríkisútvarpsins með nefskatti. Í nýju álitum þeirra segir að lítil tími hafi gefist til að fara yfir málið í nefndinni. Nefskattur geti verið mjög óréttlátur og hann komið misþungt niður á einstaklingum eftir aldri og fjölda á heimili. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er ætlunin að fjalla um þetta atriði í nefndinni í dag.

„Við ætlum að leggja fram fjórar til fimm breytingatillögur í menntamálanefnd í dag,“ segir Björgvin G. Sigurðsson þingmaður og fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni. „Frumvarpið er illa unnið og kemur seint fram. Ég vek

líka athygli á fyrirvara minnihluta fjölmiðlanefndarinnar sem gerði alvarlegar athugasemdir við að leggja fram sérstakt frumvarp um RÚV í stað þess að skoða fjölmiðlamarkaðinn í heild.“ Björgvin segist með glöðu geði sitja næstu vikurnar á þingi til þess að fá þessi mál og önnur rædd á vitrænan hátt.

„Við verðum að fá að sjá breytingatillögur meirihluta menntamálanefndar áður en við getum tekið afstöðu til þeirra og venjan er að gefa að minnsta kosti tvo daga til þess að bregðast við þeim,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi Vinstri Grænna í menntamálanefnd. Hún vill ekki ræða málefni RÚV með þeim hraða sem nú sé ætlunin að gera.

Fulltrúar minnihluta menntamálanefndar segja að ekkert hafi enn verið samið um þinglok. Verið sé að ræða frumvarp um samkeppnislög og það geti hæglega tekið marga daga enn. Sama eigi við um frumvarpið um Ríkisútvarpið og vatnalög sem komi til annarrar umræðu á þingi nú í vikunni. Ætlunin er að ljúka þinghaldi um eða upp úr miðri vikunni.

johannah@frettabladid.is

TILBOÐ

Gisting eina nótt í tveggja manna herbergi, fordrykkur, þriggja rétta kvöldverður.

Frá 8.200 kr. á mann alla virka daga



DRAUMADAGAR Á HÓTEL KLAUSTRI Í MAÍ

Gerðu þér dagamun og fagnaðu vorinu á Hótel Klaustri. Við bjóðum sannkallaða draumadaga í maí-júní; gistingu fylgir fordrykkur og þriggja rétta kvöldverður. Bókaðu gistingu og láttu drauminn rætast.

- Stórkostleg náttúrufergurð
- Mild veðráttá
- Fyrsta flokks veitingar
- Vildarpunktur



Icelandic Tourist Board
www.islandtourist.is

IH
ICELANDAIRHOTELS
KLAUSTUR

Sími: 444 4000

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað www.icehotels.is

Ísraelsk stjórnvöld:

Sleppa ekki föngunum

ÍSRAEL, AP Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær að Ísraelar myndu ekki sleppa fleiri Palestínubörnum úr fangelsi fyrr en palestínska heimastjórnin hefði gripið til harðari aðgerða gegn herskáum hreyfingum Palestínubarna en nú er.

Ísraelskir og palestínkir embættismenn ræddu lausn fanga í gær en fundinum lauk án samkomulags. Palestínubarn segja Ísraela brjóta gegn ákvæðum vopnahlésins frá í febrúar. Ísraelar saka Palestínubarn á móti um að gera ekki nóg til að koma í veg fyrir árásir vígamanna. ■



ÍSRAELSKIR RÁÐHERRAR Sharon sagðist ekki ætla að styrkja Mahmoud Abbas Palestínuforseta á kostnað ísraelskra mannlífa.



TÖLVUSKÓLINN PEKKing

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Opnaðu nýjar dyr

Grafík og hönnun

Stafrænar myndavélar

Vinsælt námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

Stillingar stafrænna myndavéla, myndir færðar yfir í tölvuna og æfð meðferð þeirra í tölvu. Skipulag myndasafns í tölvu og grundvallarlagfæringar. Útprintun mynda, myndir skrifaðar á CD, myndir sendar í tölvupósti. Tvö skemmtileg, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu kynnt.

Lengd námskeiðsins er 14 kennslustundir. Kennnt er 3 kvöld frá kl. 18.00 – 21.00. Næsta námskeið hefst 9. maí. Innritun og upplýsingar í síma 544 2210. Verð kr. 15.000,- (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).

Vefsíðugerð I

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Þátttakendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í FrontPage.

Námskeiðið hefst 11. maí og lýkur 30. maí. Kennnt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00. Verð kr. 36.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Vefsíðugerð III – MySQL & ASP

Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. maí og lýkur 4.júní. Kennnt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00. Verð kr. 42.000,-

Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stiga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara námi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Kennnd er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash.

Hefst 11. maí og lýkur 8. júní. Kennnt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00. Verð kr. 65.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Flestir fá stóran hluta námskeiðsgjaldsins endurgreiddan frá sínu stéttarfélagi. Kannaðu rétt þinn!

SÉRFRÆÐINÁMSKEIÐ Með alþjóðlegum prófgráðum



MCP XP kerfis- og netstjórnun

Hefst 18. maí og lýkur 9. júní.



MCDST

Hefst 18. maí og lýkur 25. júní.



MCP Server og netkerfi

Hefst 15. ágúst og lýkur 14. september.



MCSA

Hefst 18. maí og lýkur 14. september. Með sumarfríi frá 25. júní til 15. ágúst.



Tölvuviðgerðir

Hnitmiðað námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbjarga við minni háttar bilanir í vélbúnaði tölvunnar og fá um leið viðamikla þekkingu á innviðum tölvunnar. Námskeiðið er 18 kennslustundir og er kennt tvo laugardaga frá kl. 10 til 16. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans. Næsta námskeið: 21. og 28. maí. Verð kr. 25.000,-

Stök námskeið að hefjast í maí:

- Word, 22 st.
- Excel, 22 st.
- Photoshop, 21 st.
- FreeHand, 21 st.
- Flash, 21 st.
- FrontPage, 21 st.
- InDesign, 25 st.
- Öryggi tölvunnar, 9 st.
- PDF í Acrobat, 14 st.
- Navision bókhaldsnám, 21 st.

Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

HVERJI BESTIR

NÝTT

HiveLite

Práðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

3.990

Á MÁNUÐI*
*M.v. 12 mánaða samning.

R ERU ?

ÞIÐ ÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA SEM
ÞORÐUÐ! NÚ AUKUM VIÐ HRAÐA
OG NIÐURHAL YKKAR ENN FREKAR
OG TÖKUM EKKI KRÓNU FYRIR.*

VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU.

*Frá og með 10. maí tvöfaldast hraði og erlent niðurhal hjá öllum áskrifendum
Hive Lite. Að auki geta áskrifendur H8 aukið hraða sinn upp í allt að 12Mb
með því að hringja í þjónustuver Hive.

Kynntu þér nýjar þjónustuleiðir á hive.is

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



EFTIRMÁL: UNGLINGARNIR Í MIÐBORGinni

Unga fólkið til fyrirmyndar



Fyrir tæpum áratug var eitt af helstu viðfangsefnum lögreglunnar í Reykjavík að hafa afskipti af börnum og unglingum sem söfnuðust saman í miðborginni að næturlagi um helgar. Skiptu ungmennin hundruðum og létu þau nokkuð að sér kveða í bjartri sumarnóttinni innan um eldra fólk sem var ýmist á leið á eða af öldurhúsum. Nú er öldin önnur og að sögn kunnugra er fátítt að sjá ungmenni í miðborginni á þessum tíma sólarhringsins. „Ég vil þakka þetta börnunum og unglingunum. Þetta er fyrirmyndarfólk í dag og myndur og áherslur hafa gjörbreyst frá því sem var,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn í Reykjavík. „Forvarnarstarfið sem unnið er á vegum lögreglu, íþróttafélaga, skóla og

fleiri aðila hefur líka skilað sér. Það er opnari umræða um svona lagað og það hvernig fólk á að haga sér.“ Geir Jón segir að þessum breytingum fylgi að landi sjáist ekki lengur en tekur um leið fram að sorglegt sé að stækkandi hópur ungs fólks neyti fíkniefna. „Það er samt mikill minnihluti ungs fólks en mikið áhyggjuefni engu að síður.“ En þó að bömin og unglingarnir safnist ekki saman í miðborginni eins og áður er ekki þar með sagt að lögreglan þurfi ekki að hafa afskipti af fólk á svæðinu að næturlagi. „Ástandið er öðruvísi, nú er það fólk á aldrinum 20 til 30 ára sem er frekar til vandræða. En bragurinn er með allt öðrum hætti en var og þar blandast líka inn í að afgreiðslutími veitingastaðanna var gefinn frjálst.“

SVONA ERUM VIÐ



2.220 BÚA Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI

Heimild: Hagstofan

24
stundir

ÁSTKÆRA YLHÝRA

ERTU AÐ FARA ERLendis?

Orðið erlendis merkir samkvæmt Orðabók Eddu í öðru landi, í útlöndum, og gefur til kynna staðsetningu. Að ferðast erlendis merkir þannig að ferðast í útlöndum, en ekki að ferðast til útlanda. Stundum er orðið notað á sérkennilegan hátt eins og um hreyfingu sé að ræða, til dæmis „Nýjar rannsóknir erlendis frá sýna ...“ eða „Ég er að fara erlendis í næstu viku“. Heppilegra er að tala um erlendar rannsóknir og að fara til útlanda eða fara utan. Ekki myndum við segja „í útlöndum frá“, er það?

magnus@frettabladid.is

Heimkynningar á hjálpartækjum vinsælar:

Konur kynnast kynlífstækjum

Kynningar á hjálpartækjum ástarlífsins eiga auknum vinsældum að fagna meðal ungra kvenna á Íslandi, að sögn starfsmanns hjá romantik.is sem býður upp á slíkar kynningar í heimahúsum. Algengt er að vin-konuhópar, saumaklúbbar eða vinnustaðir taki sig til og fái kynningu á því sem vinsælast er í hjálpartækjum og undirfatnaði.

Algengast er að konurnar séu í yngri kantinum, frá 20 til 30 ára, og er þetta ekkert feimnis-mál í þeirra hugum. Spyrja þær opinskátt um kosti og galla

hvers tækis en vinsælast þessa daga eru að sögn romantik.is egg, titrarar og krem.

Karlmenn hafa hins vegar lítinn sem engan áhuga á slíkum kynningum, en kaupa til jafns við konur í verslunum hjálpartækja. Hefur sýnt sig að konur senda oft karla sína til að versla fyrir sig.

Sala hjálpartækja er árstíðabundin. Mest er selt fyrir jóln, á Valentínusar- og konudag. Er þetta að verða æ minna feimnis-mál meðal landans enda fjöldi ástartækjaverslana rekinn á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



TEYGIR Á Susanne teygir á vöðvum í hálsi hestsins og athugar hvort vöðvamisvægi eða spennu sé í hnacka.



Hestahnykkir

Þýskur dýralæknir býður íslenskum hestamönnum upp á þá nýjung að hnykkja hesta þeirra.

Í glæsilegu hesthúsi í Hafnarfirði tekur á móti okkur fínleg og brosmild kona í bláum samfestingi. Þýski dýralæknirinn Susanne Braun heilsar á næstum lýtalausri íslensku og hlær þegar hún er spurð að því hvað hún sé að gera hér og af hverju hún tali svona gott mál. „Ég eignaðist íslenskan hest þegar ég var 12 ára, elskaði allt sem honum viðkom og vildi koma til landsins þar sem hann ætti heima,“ segir Susanne sem rak búgarð með íslenskum hestum í tólf ár ásamt þáverandi manni sínum sem var Íslendingur.

Susanne er með sérpróf í hestum en hún hefur einnig sérhæft sig í hnykkingum hesta sem er lítt þekkt hér á landi enda er hún sú eina sem stundar það eins og er. Hún segist þó vita af einhverjum dýralæknum sem huga að námi í slíkum fræðum.

Þá leggur Susanne einnig stund á nálástungur sem hún lærði meðal annars í Kína.

Susanne segist finna fyrir töluverðum áhuga fyrir hnykkingum. Til sín leiti bæði tamningamenn sem þekkja hnykkingar erlendis frá og frístundafólk sem hefur sjálft prófað hnykkingar og vill gera hesti sínum gott.

Hnykking hjálpar hestum sem eiga í erfiðleikum með tiltekna hreyfingar, segir Susanne. Orsökina sé að leita til margra þátta, til dæmis gamals slyss eða vandamála sem fórst fyrir að laga strax. Þá geti einnig slæm reiðmennska, jærning eða vondur hnakkur leitt til þess að hestur festist í baki, skekki sig og fái misjafna vöðvafyllingu. Slíkt hefur síðan áhrif á ganglag hestsins. Susanne segir mikið lagast eftir fyrstu meðferð og oft dugi hún til. Reiðmaðurinn fái þó leiðbeiningar um áframhaldandi þjálfun og æfingar.

Susanne verður á Íslandi fram að heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem haldið verður í Svíþjóð í sumar.


Eftir það segir hún ekkert ákveðið. Hún geti vel ímyndað sér að búa á Íslandi. Henni líði vel hér og fólkið sé skemmtilegt.

solveig@frettabladid.is

AKRALAND

Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001 www.akraland.is

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



- Tilboðsfrestur 20. maí
- Tilboðsfrestur 03. júní

Komnar eru í sölu frábærar eignarlóðir í Akrahverfi, hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ.

Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með fljótfnar umferðaræðar til allra átta.

Um er að ræða 49 lóðir sem seldar verða í tveimur hlutum og gert er ráð fyrir að þær verði byggingarhæfar í október á þessu ári.

Tilboðum í 26 lóðir sem eru í fyrrihlutanum skal skila eigi síðar en föstudaginn 20. maí 2005 kl. 15:00 og í lóðir í seinni hlutanum eigi síðar en föstudaginn 3. júní kl. 15:00.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akralands þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasölurnar Borgir og Eignamiðlun munu einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærðir þeirra og nýtingu, einnig upplýsingar um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands www.akraland.is

Þar er einnig að finna nauðsynleg gögn sem tilboðsgjafir þurfa að kynna sér, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá og sölu- og skipulagsskilmála.

BORGIR

EIGNAMIÐLUN



KALDIR DAGAR

Ísskápar með frábærum afslætti!



GeneralFrost STÁL

GeneralFrost RF270-1673
145sm STÁL KÆLISKÁPUR með frysti.
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 145x60x60.

TILBOÐ 49.995

Verð áður kr. 69.995



EuroCool

EuroCool K16
85sm KÆLISKÁPUR með litlu frystihólfu.
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 145x48,5x56.

TILBOÐ 19.995

Verð áður kr. 29.995



GeneralFrost

GeneralFrost C290-1503
145sm KÆLISKÁPUR.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 145x60x60.

TILBOÐ 29.995

Verð áður kr. 37.995



Whirlpool

Whirlpool ARC2240
139sm KÆLISKÁPUR með frysti.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 139x50x60.

TILBOÐ 34.995

Verð áður kr. 44.995



BEKO

BEKO CDP7451
152sm KÆLISKÁPUR með frysti.
Orkunýtingu A+. Mál (hxbxd): 152x54x60.

TILBOÐ 39.995

Verð áður kr. 54.995



Whirlpool

Whirlpool ARC5190
160sm KÆLISKÁPUR með frysti.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 160x55x60.

TILBOÐ 49.995

Verð áður kr. 64.995



Whirlpool

Whirlpool ARC1691
180sm KÆLISKÁPUR. Orkunýting A.
Mál (hxbxd): 180x60x62,6.

TILBOÐ 49.995

Verð áður kr. 64.995



VESTFRÖST STÁL

Vestfrost S320MIX
186sm STÁL KÆLISKÁPUR með frysti.
Mál (hxbxd): 186x60x60. Orkunýting A.

TILBOÐ 74.995

Verð áður kr. 99.995



AMERÍSKIR KÆLISKÁPAR MEÐ 20-40% AFSLÆTTI!



VESTFRÖST

DÖNSK GÆDAFRAMLEIÐSLA

FRYSTIKISTUR MEÐ 10-25% AFSLÆTTI

VERÐDÆMI:

Vestfrost AB425
411 lítra FRYSTIKISTA á hjólum, ljósi,
2 körfum Danfoss kælipressu.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 85x137x60.

TILBOÐ 37.495

Verð áður kr. 49.995

ÚTLITSGALLAÐIR KÆLISKÁPAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

Glæsilegir amerískir ísskápar, ofnar, háfar og helluborð í miklu úrvali frá Whirlpool, einum virtasta framleiðanda í heimi.

Sniðnir fyrir
Íslenskar
innréttingar

Fullkominn
LÚXUS
Fáguð evrópsk hönnun í klassískum amerískum stíl



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

FB-GREINING: DÍSELBÍLAR:

Orðnir alvöru valkostur fyrir almenning

Diselolía hefur mjög verið til umræðu upp á síðkastið eftir að ríkisstjórnin boðaði breytingar á lögum um olúgjald þann 1. júlí næstkomandi. Miðað við heimsmarkaðsverð hefði diselolían orðið dýrari en bensín eftir breytingarnar og skaut það nokkuð skökku við markmið ríkisstjórnarinnar sem var að hvetja til aukinnar notkunar diselolíu. Ríkisstjórnin hefur síðan ákveðið að lækka diselolíugjald um fimm krónur frá 1. júlí til að markmið breytinganna nái fram að ganga.

Langt fram eftir síðustu öld voru menn ekkert sérstaklega að velja eldsneytis-sparnaði fyrir sér. Bílar voru almennt bensínknúnir og supu flestir ótæpi-

lega; amerískir bílar með aflmiklar vél-

voru hvað vinsælastir. Upp úr 1970 skall á olúkreppa og þá fóru þjóðir heims að velja því fyrir sér hvernig mætti draga úr eldsneytisnotkun bifreiða. Um svipað leyti fóru menn einnig að hafa áhyggjur af mengun andrúmslofsins; ekki síst vegna koltví-sýringismengunar frá bensínbílum. Díselvélur voru þá reyndar löngu komnar til sögunnar en voru aðallega notaðar í skip, vinnuvélur og stærri faratæki. Ókostur þeirra var fyrst og fremst hávaði og eins voru þær ekki eins aflmiklar og bensínvélarnar. Það er hins vegar eðli díselhreyfilsins, hátt þjöppunarhlutfall (21:1), sem gerir



það að verkum að hann nýtir eldsneytið mun betur en bensínhreyfillinn og er þar af leiðandi umhverfisvænni. Markvisst hefur verið unnið að því á undanföllum áratugum að þróa díselhreyfillinn og sérstaklega hafa framfarirnar verið miklar síðustu tíu ár. Til dæmis eru nú komnir fram á sjónarsviðið litlir díselbílur sem menga óverulega og eyða aðeins þremur lítrum af olíu á hundraðið.

Fyrir vikið eru díselknúnir bílar orðnir alvöru valkostur fyrir almenning og ljóst að notkun þeirra mun færest verulega í vöxt á næstu árum; ekki síst ef stjórnvöld ýta undir hana með beinum aðgerðum.



SPURT & SVARÐ



KRISTINN H. GUNNARSSON

Heldur ríkisstjórninni við efnið

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði Kristinn H. Gunnarsson reyna sífellt að sundra samstöðu stjórnarliða þegar Kristinn gagnrýndi ríkisstjórnina í undirbúningi jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Ertu aftur orðinn ósáttur við ríkisstjórnina? „Ég segi það nú ekki. Ég var ekki að fara fram á neitt nýtt heldur aðeins að krefjast þess af ríkisstjórninni að hún héldi sig við það sem áður hefur verið samið um. Í jarðgangaskýrslunni er gert ráð fyrir þremur göngum; fyrst milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þau göng eru að verða búin. Síðan á að bjóða út Héðinsfjarðargöng á þessu ári en ekkert bólar á ákvörðun um þriðju göngin sem eru göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.“

Liggur nokkuð á þessum göngum? „Besta leiðin til að styrkja byggðir úti á landsbyggðinni er að opna fyrir greiðari samgöngur. Göngin munu hafa gríðarleg áhrif þegar kemur að heilbrigðisþjónustu, atvinnu- og menntamálu á svæðinu.“

Ríkisstjórnarsamstarf um ESB er óhugsandi

Nær ómögulegt er að mynda norska ríkisstjórn sem er hlynnt aðild að Evrópusambandinu og Norðmenn munu ekki fylgja Íslendingum, kysum við að ganga í sambandið. Þetta segir varaformaður norsku samtakanna Nei til EU.

greiðsluna. Það má orða það þannig að þeir vilji hefnd og það sem fyrst.“ Þetta segir Jo Stein Moen, varaformaður samtakanna Nei til EU og fyrrverandi varaformaður AUF, ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins. Hann var staddur hér á landi um helgina á vegum Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum, og fjallaði á opnum fundi um stöðu og horfur í þessum málum í heimalandi sínu.

FRÉTTAVIÐTAL
NOREGUR OG ESBSVEINN GUÐMARSSON
BLADAMAÐUR

„Spurningin um Evrópusambandið er alltaf ofarlega á baugi í norskum stjórnámálum, allar götur síðan við höfnuðum aðild 1972 og aftur 1994. Það sem er að gerast núna er að sumir stjórnálmenn vilja þriðju þjóðaratkvæða-

Verkamannaflokkurinn í lykilstöðu
Norsk pólitik er skrýtin tik með tilliti til Evrópumálanna. Þarlendir stjórnmalaflokkar skiptast mjög í tvö horn í afstöðu sinni til Evrópusambandsins þvert á hefðbundnar átakalínur. Frjálslyndir, Miðflokkurinn, Sósíalistaflokkurinn og kristilegir demókratar eru allir andvígir aðild Noregs að sambandinu en Íhaldsflokkurinn, Verkamannaflokkurinn og Framfaraflokkurinn eru hlynntir aðild, þótt síðastnefndi flokkurinn sé ögn tvíbentari í afstöðu sinni nú en oft áður.

„Verkamannaflokkurinn er lykilmflokkur í Noregi þegar kem-



VIÐ MUNUM EKKI FYLGJA YKKUR Jo Stein Moen, varaformaður samtakanna Nei til EU og fyrrverandi varaformaður AUF, ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins, telur ólíklegt að hugsanleg aðild Íslendinga að Evrópusambandinu réði miklu um afstöðu Norðmanna til aðildar.

ur að Evrópumálunum. Hann hefur í gegnum tíðina verið stærsti flokkurinn, um 30 prósent þjóðarinnar fylgja honum nú að málum. Hins vegar eru 35 prósent stuðningsmanna flokksins andvíg ESB-aðild,“ segir Moen og bætir því við að Verkamannaflokkurinn sé þannig bæði stærsti flokkurinn sem er hlynntur aðild og líka sá stærsti sem leggst gegn því að Noregur gangi í sambandið. Það er hins vegar athyglisvert að ungliðahreyfing Verkamannaflokksins hefur nánast alla tíð verið afar andvíg Evrópuáhuga flokksforystu sinnar. „Ástæðan er sú að okkur mislíka stórveldatílbúðir Evrópusambandsins sem eru æ betur að koma í ljós. Noregur ætti í staðinn að halda áfram að vera öflugur, sjálfstæður aðili á alþjóðasviðinu án milligöngu ESB. Síðan er það lýðræðisspurningin en við viljum ekki að ákvarðanatöku um málefni þjóðarinnar fari fram í Brussel.“

ESB-stjórn útilokuð

Í dag sitja Kristilegi demókrataflokkurinn, frjálslyndir og íhaldsmenn saman í ríkisstjórn Noregs, með öðrum orðum tveir flokkar sem eru andvígir aðild og einn sem er henni hlynntur. Norðmenn ganga hins vegar að kjörborðinu í september næstkomandi og þá má vera að ný stjórn taki við völdum. Moen telur litlar líkur á sú stjórn geti sameinast um að Noregur gangi í Evrópusambandið. „Það er útilokað. Ástæðan er sú að þeir flokkar sem eru helst hlynntir aðild, Verkamannaflokkurinn og Íhaldsflokkurinn munu seint starfa saman í ríkisstjórn. Fyrir því er engin hefð og of mikill málefnaágreiningur er þeirra á milli að öðru leyti.“ Moen bendir

á að aðeins séu tveir valkostir í norsku ríkisstjórnarsamstarfi. „Annar er vinstri stjórn Verkamannaflokksins, sósíalista og Miðflokksins. Tveir þeirra segja nei við aðild. Sama staða kemur upp í hægri stjórn eins og nú er, tveir nei-flokkar og einn já-flokkur.“

En hvað með jákvæðari afstöðu forsætisráðherra, Kjell Magne Bondevik, til Evrópusambandsins? Moen minnir á að kristilegir demókratar ítrekuðu á flokksþingi sínu fyrir nokkrum vikum andstöðu sína við aðild Noregs að sambandinu með afgerandi hætti. „Ég held að jafnvel þótt Bondevik snúist á sveif með fylgismönnum sambandsins þá muni það hafa lítil áhrif í norskum stjórnámálum því andstaðan í flokki hans er svo mikil. En sem stendur er hann hvorki með né á móti, hann er hlutlaus.“

Munu ekki fylgja Íslendingum

Á Íslandi heyrir gjarnan sagt að við þurfum að huga að aðild ef Noregur gengur í Evrópusambandið og slíkar raddir heyrast líka í Noregi, að breyttu breytanda. Moen segir þetta snjalla hertækni en telur hins vegar ekki að hugsanleg aðild Íslendinga muni á endanum hafa mikil áhrif á Norðmenn. „Ef við lítum til ársins 1994 þegar við greiddum síðast atkvæði um málið þá samþykktu Svíar aðild nokkrum mánuðum fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu og Finnar nokkrum vikum þar áður. Þrátt fyrir það var meirihluti Norðmanna eftir sem áður andvígur aðild. Ég held því að Noregur muni ekki fylgja Íslendingum eftir í blindi ef sú staða kæmi upp að þið gengjuð í sambandið.“ ■



Framúrskarandi nám í tölvunarfræði

Þegar ég kom inn í Háskólann í Reykjavík, sá aðbúnaðinn og kynnti mér námsframboðið varð mér strax ljóst að þetta er skóli fyrir metnaðarfulla nemendur. Aðstaðan er gríðarlega góð, skólinn er opinn fyrir nemendur á hvaða tíma sólarhrings sem er og kennararnir eru einstakir.

Anna Sigríður Kristjánsdóttir, nemandi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.

Stærstu mannvirki heims eru ekki byggingar heldur hugverk sem hönnuð eru af tölvunarfræðingum og hugbúnaðarverkfræðingum.

Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt nám í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði fyrir fólk sem vill skara framúr í sköpun, hönnun og gerð hugbúnaðar. Hugbúnaðarverkfræðingar og tölvunarfræðingar fást við fjölbreytt störf á öllum sviðum atvinnulífsins, enda skarast sérsvið þeirra við fjölmargar greinar s.s. stærðfræði, sálfræði og viðskiptafræði.

Lokafrestur fyrir umsóknir er 27. maí

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík, www.ru.is, og hafðu samband við námsráðgjafa í síma 520 6200.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



Stefna okkar er öryggi og lágt verð



Lyfjaver ódýrast í verðkönnun ASÍ, Mbl. 26. apríl 2005

Að vera háður lyfjagjöf, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma, getur leitt til mikilla breytinga á daglegu lífi fólks.

Markmið okkar er að létta undir með fólki og bjóða lágt lyfjaverð. Við ætlum að ná og viðhalda því markmiði með miklum dugnaði, milliliðalausum innkaupum og tölvukerfi sem byggir á íslensku hugviti.

Fjöldi ánægðra neytenda síðustu vikur er mikil hvatning fyrir okkur. Við viljum að gefnu tilefni þakka öllum þeim sem undanfarið hafa komið í apótekið og með því sýnt okkur traust og stuðning.



Apótekið er opið virka daga kl. 8:30 -18:00
Við tökum vel á móti þér

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Sími 533 6100 • www.lyfjaver.is

Parftu daglega á lyfjum að halda?



skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið er metnaðarlaust og tekur ekki á skorti stofnunarinnar á sérstöðu.

Aukin ríkisumsvif

Í dag mun menntamálanefnd Alþingis senda frá sér nýja útgáfu af frumvarpi til laga um ríkisfjölmiðlana, hverjar skyldur og hlutverk þeirra eigi að vera og hvernig þeim skuli stjórnað. Hörð gagnrýni úr ýmsum átta hefur komið fram á fyrstu gerð frumvarpsins, ekki síst vegna þess að þar er Ríkisútvarpinu gefin mun víðtækari heimild til að útfæra starfsemi sína en það hefur í nútíðandi lögum.

Enn er von um að menntamálanefnd lagfæri verstu anmarka þessa frumvarps, sérstaklega kaflana um hlutverk stofnunarinnar og heimild hennar til þess að taka þátt í annarri starfsemi en sjónvarps- og útvarpsrekstri. Sú vonartýra er þó fremur dauf því uppfrunalega frumvarpið er svo afsþyrnuvont að frekar ætti að varpa því á haugana en freista þess að lappa upp á það.

Nú stendur yfir fjórða kjörtímabilið í röð þar sem menntamálaráðherra kemur úr Sjálfstæðisflokknum en þess hefur lengi verið beðið að flokkurinn kæmi fram með frumvarp sem tæki til ræki-legrar endurskoðunar stöðu Ríkisútvarpsins á frjálsum fjölmiðlamarkaði. Athugið í því sambandi að nú eru um tveir áratugir frá því einkaréttur ríkisins á sjónvarps- og útvarpsútsendingum var afnuminn. Því meiri voru vonbrigðin þegar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mælti fyrir því metnaðarlausu frumvarpi sem menntamálanefnd hefur til meðferðar.

Í skýrslu hinnar þverpólítísku fjölmiðlanefndar er eitt orð sem kemur fyrir oft en öll önnur og það er orðið fjölbreytni. Hér er til dæmis ein tilvitnun: „Það þarf með öllum tiltækum leiðum að tryggja eins og kostur er, menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði.“

Maður spyr sig hvort fjölbreytni sé tryggð með því að dagskrá Ríkissjónvarpsins sé byggð í grundvallaratriðum upp á enskum og bandarískum gamanþáttum og bíómyndum eins og dagskrá Stöðvar 2 og Skjás 1? Ríkissjónvarpið keppir blákalt við þessar stöðvar um sýningarréttinn á vinsælu bandarísku sjónvarpsefni þótt allt að þreföldun hafi orðið á verði þeirra undanfarin ár. Af hverju snýr Ríkissjónvarpið sér ekki að einhverju öðru? Eflir innlenda dagskrárgerð, talsetur meira af barnefni og sýnir sjónvarpsefni á öðru máli en engilsaxnesku? Það væri réttara að festa í lög kvöð um slíkt en að blessa sérstöðuleysi stofnunarinnar með nýju lagafrumvarpi.

Það er með miklum ólíkindum að eftir fjórtán ára valdasetu í ráðuneyti menntamála, sem Ríkisútvarpið heyrir undir, skuli Sjálfstæðisflokkurinn standa að lagafrumvarpi þar sem á að opna upp á gátt dyrnar að enn víðtækari ríkisrekstri í fjölmiðlun en við höfum nú þegar. Hvað hefur komið fyrir þennan flokk sem hefur verið helsti merkisberi frelsis og minnkandi ríkisumsvifa á Íslandi? Hvað segja þeir þingmenn flokksins sem hafa helst viljað gefa sig út fyrir að styðja frjálslendi og einkaframtak? Er þetta ykkar frumvarp, Birgir Ármannsson, Pétur Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Ingi Birgisson og Guðlaugur Þór Þórðarson? ■

Til hlutdeildarskírteinishafa verðbréfasjóðsins Kjarabréfa

Fallið frá endanlegum gjalddaga þann 10. maí

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins Kjarabréf eru ekki á gjalddaga þann 10. maí næstkomandi eins og fram kemur á útgefnum hlutdeildarskírteinum, sbr. reglur sjóðsins 10. desember 2003. Sjóðurinn verður rekinn áfram í óbreyttri mynd skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003.

Ávallt er hægt að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum á opnunartíma bankans. Gengi sjóðsins er reiknað daglega og birtist á heimasíðu KB banka, www.kbbanki.is. Frekari upplýsingar fást hjá ráðgjöfum í síma 444 7000.



FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Skemmti sér og öðrum</p> <p>Bobby Fischer hefur sett mark sitt á reyk-vískt samfélag síðan hann kom hingað til lands um páskana. Nú síðast sást til hans á Ölstofu Kormáks og Skjaldar aðfaranótt sunnudags. Fischer var hrókur alls fagnaðar, virtist skemmta sér hið besta og öðrum Ölstofugestum ekki síður enda þreyttist hann seint á að ræða við fólk og bauð sumum jafnvel í glas. Kona hans var ekki með í för en Kristinn Hrafnsson sem hefur fylgt Fischer sem skugginn lét sig ekki vanta frekar en fyrri daginn þegar Fischer er annars vegar.</p> 	<p>Dónalegir þingmenn?</p> <p>Foreldri barns sem er á ritalíni skammaði þingmenn fyrir umræðu á þingi á föstudag um ritalínotkun barna en þingmönnum þótti nóg um. Sagt var frá bréfi foreldrisins til þingmanna í fréttum Stöðvar 2 á laugardagskvöld og þótti foreldrinu sem þingmenn sýndu börnum og foreldrum þeirra litla virðingu og stimpluðu börnin jafnvel sem fíkla.</p> <p>Þörf umræða</p> <p>Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Samfylkingu, var einn þeirra þingmanna sem fjölluðu um ritalínotkun barna á þingi á föstudag. Hún svarar bréfi foreldrisins í grein á vef sínum.</p> 

um í gær. „Ástæðulaust er að taka umræðu eins og fram fór á föstudaginn var á Alþingi um svar ráðherra við fyrirspurn minni sem áfelliðóm yfir foreldrum barna með athyglisbrest og óvirkni, eins og sumir hafa gert. Það er ekki óeðlilegt að menn velti fyrir sér þeim mörgu möguleikum sem gætu e.t.v. verið ástæða fyrir þeirri stöðu sem við erum komin í með þessa gifurlegu aukningu á svo stuttum tíma. Barna var verið að ræða málin málefnalega og reynt að kalla eftir skýringum á þessari þróun,“ skrifar Ásta og bætir við. „Eg veit að staða margra foreldra með þessi veiku börn er erfið en hún batnar ekki við það að við stingum höfðinu í sandinn og látum það afskiptalaust þegar við fáum upplýsingar eins og þær sem fram koma í svári heilbrigðisráðherra.“

brynjolfur@frettabladid.is

Blair féll en hélt velli

Kosningar í Bretlandi hafa um áratugaskeið verið býsna afmörkuð barátta milli Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins, stjórnar og stjórnarandstöðu. Að vísu hefur þriðji flokkurinn, Frjálslyndir demókratar, haft allt að 20% fylgi, en það hefur ekki dugað honum til að fá nema innan við 10% þingmanna. Kjósendur hafa því getað gengið að því sem vísu að sá stóru flokkanna sem fleiri atkvæði fengi mundi fara með stjórn næsta kjörtímabili undir forystu flokksformannsins. Atkvæðafylgi frjálslyndra, og ýmissa óháðra framþjóðenda, hefur þó verið nóg til þess að stjórnarflokkurinn hefur sjaldnast kjörfylgi nema kringum 40%; það nægir honum til þess að fara með 100 sæta meirihluta – eða þar yfir – á þingi.

Það má segja að þetta misrétti sé byggt inn í kosningafyrirkomulagið: Einmenningskjördæmi þar sem sá, sem fyrstur kemur í mark, sigrar, atkvæði hinna framþjóðendanna falla dauð, þar sem engin hlutfallskosning er innbyggð í kerfið. Mörgum hefur fundist þetta býsna ólýðræðislegt og stundum hefur Verkamannaflokkurinn í stjórnarandstöðu tekið undir sjónarmið frjálslyndra í þessu efni, og heitið umbótum á kerfinu í átt til hlutfallskosninga. Í stjórn hefur hann þó alltaf látið slíkar umbætur á kosningakerfinu sitja á hakanum – og komist upp með það – því að kjósendur yfirleitt virðast telja það sjónarmið brýnna, að það liggja ljóst fyrir fyrirfram hvaða ríkisstjórn þeir eru að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, heldur en að fyllstu sanngirni sé gætt um aðild mismunandi skoðanahópa að landstjórninni. Í kosningum í Bretlandi er því ætíð kosið milli stjórnar og stjórnarandstöðu; séu menn sámi-lega ánægðir með landstjórnina veita þeir sitjandi ríkisstjórn áframhaldandi umboð; að öðrum kosti fella þeir hana og stjórnarandstaðan tekur við stjórnar-taunum.

Þetta sjónarmið er svo ríkt í al-

Í DAG
BRESKU
KOSNINGARNAR



ÓLAFUR
HANNIBALSSON

menningsálitinu að sumir fjölmiðlar í Bretlandi hafa talið það óásættanlega óvissu, að ekki sé á hreinu hvort Tony Blair ætlar sér að sitja út kjörtímabilið, eða láta fjármálaráðherrann, Gordon Brown, taka við forsætisráðherraembættinu, og þá hvenær.

Berum þetta saman við Ísland. Þar höfum við lagt höfuðáherslu á jafnt vægi atkvæða milli flokka, að þeir fái sem næst þingmannatölu sem samsvari fylgi þeirra meðal kjósenda. Við fáum aldrei tækifæri til þess að kjósa um verk nokkurrar ríkisstjórnar: Allir flokkar ganga óbundnir til kosninga hverju sinni, eins þótt þeir hafi starfað saman mörg kjörtímabili í röð og gefa ekkert upp um áframhaldandi samstarf nái þeir til þess kjörfylgi. Við eigum þess heldur engan kost að kjósa yfir okkur ríkisstjórn næsta kjörtímabils. Það verðum við alfarið að eiga undir því hvernig hrossakaup leiðtoga stjórnmalaflokka eftir kosningar ganga fyrir sig. Hvað eftir annað hefur það t.d. gerst, að þegar kjósendur hafa refsað fram-sóknarflokknum fyrir gerðir sínar í ríkisstjórn með minnkandi fylgi, hefur afleiðingin orðið sú ein að hann hefur fengið stjórnarforystu í nýrri ríkisstjórn!

Okkur finnst það eflaust mjög ólýðræðislegt að stór hluti kjósenda sé með öllu áhrifalaus í stjórnmalum vegna kosningafyrirkomulagsins. Þorra Breta mundi hins vegar finnst það óþolandi að kjósendur eigi þess nánast engan kost að hafa áhrif á það með atkvæði sínu hverjir fari með völdin

í landinu. Þeir mundu telja að kosningar ættu að snúast um völd og stjórnvaldsaðgerðir næsta kjörtímabils; ekki vera einhvers konar skoðanakannanir um það hvaða lífsskoðanir kjósendur aðhyllist.

Bretar mundu líka telja það einmenningskjördæmunum til gildis, að þar geta kjósendur refsað eða umbunað þingmönnum, þar á meðal ráðherrum, samkvæmt frammistöðu þeirra á síðasta kjörtímabili.

Spurningin um völd snýst einnig um stefnu næsta kjörtímabils: Um skattana og hvers kjósendur mega vænta að fá fyrir þá. Um efnahagsstefnuna og fjármál ríkisins. Um þjónustu velferðarkerfisins og frammistöðu skóla-kerfisins. Og loks um trúverðuleika flokksleiðtoganna.

Tony Blair umbylti Verkamannaflokknum á árunum fyrir kosningarnar 1997 með þeim árangri að hann vann stóran sigur. Á fyrsta kjörtímabili sínu ávann flokkurinn sér frekara traust með farsælli stjórn á efnahagsmálum og vann enn stærri sigur í kosningunum 2001. En á síðasta kjörtímabili hefur það gerst að Blair hefur hríðfallið í álit. Hann er ekki lengur talinn draga vagninn heldur vera flokknum dragbítur. Fólk er löngu orðið þreytt á ýkjum, oflofi og hreinum sjónhverfingum áróðursmanna hans og spunameistara. En Íraksstríðið virðist ætla að verða orðstír hans miklu skeinu-hættara en í fyrstu var talið. Ekki svo mjög stríðið sjálf heldur að dragandi þátttöku Breta í inn-rásinni. Fjöldi fólks telur hann kaldrifjaðan lygalaup, aðrir telja að hann hafi farið sparlega með sannleikann og leynt ráðherra sína, flokksmenn og þjóðina alla mikilvægum staðreyndum, sem hefðu getað grebreytt ákvörðun-um um innrásina. Og þegar traust leiðtogans og trúverðuleiki er farinn kemur hann fáu fram, með líðlega þriðjung kjósenda að baki, þótt tæknilega hafi hann fyrir til-stilli kosningakerfisins náð meirihluta á þingi. ■

GESTIR Slök umgjörð á handboltaleikjum



**LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRNAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRN: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegj Sólarlag
 REYKJAVÍK 4.32 13.24 22.18
 AKUREYRI 4.01 13.09 22.19
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 9. maí,
129. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	5
Ás	40-41
Bifröst	13
Draumahús	21-28
Eignakaup	12
Eignastýring	34
Fasteignamarkaðurinn	14
Fasteignamiðlun	16
Fasteignam. Grafarv.	17
Fasteignam. Hafnarfj.	15
Fyrirtækjasala Íslands	20
G.Ó. fasteignir	19
Heimili fasteignasala	18
Hóll	20
Hraunhamar 32-33 og 35	
Húsaland	12
Höfði	37 og 39
Lundur	8-9
Lyngvík	29
Neteign	31
Nethús	30
Nýtt heimili	18
Valhöll	10-11
X-hús	38
Pingholt	19

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 38

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt-fasteignir

hús o.fl.

Hægt að flísaleggja allt BLS. 2
Vorhreingerning í garðinum BLS. 3

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Björt stofa og sólskáli prýða íbúðina. Eldhús er vel búið og baðherbergi nýlega tekið í gegn – flíslagt í hólf og gólf og með hornbaðkari og hlöðnum sturtuklefa.

Glæsileg sérhæð með fallegu útsýni

Heimili, fasteignasala er með glæsilega efri sérhæð á tveimur hæðum við Víðihlíð 38 til sölu. Íbúðin er 152 fermetrar og henni fylgir fullbúinn 28 fermetra bílskúr.

Íbúðin sem um ræðir er vel búin að öllu leyti og í grónu hverfi. Komið er inn í anddyri og með náttúrusteini. Stigi upp á efri hæðina er einnig lagður náttúrusteini. Komið er upp á pall með parketi og fataskáp – þaðan er útgengt á suðursvalir með fallegu útsýni. Holið er bjart og parketlagt. Gestasnyrting er flísalögð í hólf og gólf, þvottahús er inn af snyrtingu. Eldhúsið er stórt og bjart. Parket er á eldhúsgólfi, ljós innrétting, AEG-tæki og tengi fyrir upp-

þvottavél. Björt stofa, sólskáli og borðstofa með parketi.

Úr holi er gengið upp parketlagðan stiga upp á efri hæð íbúðarinnar. Komið er upp í stórt parketlagt sjónvarpshol með mikilli lofthæð og þakgluggum. Rúmgott hjónaherbergi er á efri hæð með parketi og góðum fataskápum. Stórt barnaherbergi með parketi og annað barnaherbergi, einnig með parketi. Baðherbergi er glæsilegt, nýlega endurnýjað, með flísum í hólf og gólf, hornbaðkari og hlöðnum sturtuklefa.

Þar sem efri hæðin er ris er töluvert gólfrymi óskráð. Íbúðinni fylgir jafnframt fullbúinn bílskúr með millilofti. Framlööð hússins, sem snýr í suður, fylgir íbúðinni. Íbúðin er vel staðsett í grónu hverfi.

Ásett verð: 38,9 milljónir. ■

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Nýja Laugardalshöllin verður um 16 þúsund fermetrar eftir stækkun og breytingar. Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins hafa stofnað hlutafélag um rekstur hennar en Íslandsbanki hefur tekið að sér að fjármagna framkvæmdirnar. Gert hefur verið nýtt merki fyrir höllina og opnuð ný heimasíða til að veita upplýsingar um starfsemi. Teiknistofan Tark sér um teikningar og hönnun og um verkfræðihönnun sér VST. Gert



er ráð fyrir að nýja höllin verði tekin í notkun í haust.

Skóflustunga var tekin að nýjum leikskóla í Grindavík í liðinni viku. Það voru börn af leikskólanum Laut sem það gerðu. Nýi skólinn verður um 650 fermetrar að flatarmáli og vonir standa til að hann geti tekið til starfa í mars á næsta ári þar sem leikskólinn Laut er orðinn of litill og verður þá fluttur í nýja húsnæðið.

151 tillaga að nýjum miðbæ á Akureyri voru settar upp á sýningu nú um helgina. Þær bárust í samkeppni sem Öndvegi efndi til. Tillögurnar voru geysilega fjölbreyttar og dómnefndin átti í mestu erfiðleikum með að velja þær úr sem verðlaun skyldu hljóta.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Sumarblóm

Á meðan von er á næturfrostri er ekki hægt að setja út sumarblómin. Þó er hægt að koma þeim fyrir í litlum kerum sem hægt er að kippa inn yfir nóttina til að kulddinn drepri þau ekki og setja þau svo út yfir daginn.



Allt er hægt að flísaleggja

Það ráku ef til vill margir upp stór augu við áhorf sjónvarpsþáttarins *The Block á Stöð 2* fyrir ekki svo löngu þegar eitt parið í þættinum, Steven og Richard, ákváðu að flísaleggja ísskápinn sinn í stíl við eldhúsinnréttinguna. Fréttablaðið ákvað að fara á stúfana og athuga hvort þessi þjónusta sé í boði á Íslandi.



Trausti hefur verið að flísaleggja í þrettán ár en hefur aldrei lent í því að flísaleggja ísskáp eða önnur heimilistæki.

„Það er allt hægt. Maður þarf bara að nota réttu efnin sem lóða við yfirborðið á því sem maður er að flísaleggja. Það fer allt eftir hvernig ísskápurinn er, hvort brúnirnar séu rúnaðar eða oddhvassar og annað í þeim dúr,“ segir Trausti Eysteinnsson sem rekur flísalagningarþjónustuna flisalagnir.is.

„Það er til lím fyrir alla skapáða hluti þannig að auðvitað er hægt að líma ýmislegt á ísskáp. Ef ég væri beðinn um að flísaleggja ísskáp þá myndi ég náttúrulega kynna mér ísskápinn sem um ræðir og hvernig aðferð væri best að nota. Það er ekkert ómögulegt í þessum efnum,“ segir Trausti sem hefur aldrei lent í því að flísaleggja ísskáp. „Ég hef verið í þessum bransa í þrettán ár og það má eiginlega segja að ég hafi fæðst með múrskleið í rassinum – ekki silfurskleið eins og sumir. Ég hef verið beðinn um að flísaleggja loft, sýllur og fleira en aldrei ísskáp. Það er kannski eitthvað sem á



Flísar bjóða upp á óendanlega möguleika.

eftir að komast í tísku.“

En hvað er í tísku þessa dagana í flísum? „Það er margt í gangi en helstu litirnir eru kremað og ljósgráir tónar. Fólk notar flísarnar mjög mikið, til dæmis til að ramma inn lagnir og ég hef verið mikið í því að undanförunu að flísaleggja arna alveg upp í loft. Svo hef ég líka séð heilu húsinu þar sem flísar eru



Flísalagður ísskápur

notaðar í bókstaflega allt,“ segir Trausti.

En það er sem sagt greinilegt að það er allt hægt að flísaleggja. Það er engin ástæða að nema staðar við ísskápinn. Af hverju ekki að hafa heilt eldhús í stíl við til dæmis flísalagt gólf-ið? Brauðristin, kaffivélin, ofninn og hnífapörin gætu verið í stíl. Það kallar maður sko að flísaleggja heimilið.

lilja@frettabladid.is

GLÓFAXI HF.
ARMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Eru veisluhöld framundan?
Vantar inn í stellið?
Hafðu samband.

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík – S. 552 – 6255
www.ammaruth.is

Stallað Pakál

ALYAK

Stórhöfða 33
Sími: 577 4100
www.altak.is

9.895

Sláttuvél, Texas Garden
Rafmagn, 1000W, grassafnari
5085121

Vertu klár
...fyrir sumarið

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

SKÁPAHÖLDUR

Yfir 300 tegundir á lager

Brynja

Laugavegi 29
Sími: 552 4320 - www.brynja.is

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9

okataækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum

eingerningu Reykjavíkur ekki fyrr en um miðja viku.

sunarátakið Vorhreinsun í avík mun standa eitthvað þessa viku en upphaflega takinu að ljúka síðasta dag. Í þjónustuveri avíkurborgar fengust þær singar að ástæða þess að var framlengt væri sú að hreinsun Reykjavíkinga verið mun umfangsmeiri rt hefði verið ráð fyrir, líelli ávallt til mikið af lífn úrgangi þegar fólk

hreinsaði til í gördunum sínum eftir veturinn.

Óheimilt er að setja þennan úrgang í sorptunnu heimilisins og því hefur Reykjavíkurborg boðið borgarbúum upp á aðstoð við að fjarlægja hann. Starfsmenn Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar munu því halda áfram að fjarlægja garðaúrgang eitthvað áfram, en þó hvorki lausan jarðveg né heil tré eða trjástofna. Garðaúrganginn skal setja í poka og binda greinaafklippur í knippi. Áhugasömum má einnig benda á að umhverfissvið Reykjavíkurborgar leigir með

kaupleigu jarðgerðartanka fyrir garðuúrgang og lífrænan eldhúsúrgang. Ef garðaúrgangur er ekki nýttur í garðinum skal almennt losa hann á endurvinnslustöðvum Sorpu.

Að vorhreinsun lokinni, sem verður að öllum líkindum fyrir vikulokin verða lóðarhafar sjálfir að flytja garðaúrgang í endurvinnslustöðvar Sorpu. Það er því ekki seinna vænna að nýta sér þessa þjónustu og taka til hendinni í garðinum. ■

Borgarstjóri tekur til hendinni við upphaf Vorhreinsunarinnar sem nú hefur verið framlengt.



5230305_thorinn_03.jpg

erða fljótlega afhentir úr svarsjóði.

hlutun úr svarsjóði

stöður um styrkþega fyrir.

stöður úthlutunar Húsarsjóðs Reykjavíkur fyrir 2005 liggja fyrir, en öllum kjendum mun verða sent ar sem tilkynnt er um niður- og styrkuppþæð þeirra sem styrkinn að þessu sinni. nari útfærslu á fram- dum sem hlotið hafa styrk iðnum þarf að bera undir safn Reykjavíkur til sam- ar. Að fengnu samþykki skal ita yfirlýsingu sem liggur ni á Skipulags- og bygging- i Reykjavíkur, Borgartúni mun styrkurinn þá verða lur inn á reikning viðkom- Upplýsingar um þá sem styrk í ár er að finna á síðu Skipulags- og bygging- is Reykjavíkurborgar, skipbygg.is ■



ad nota einfaldan eldhúsvamp til garðhúsgögnin.

Þhald á garð- gögnum

úsgögn úr tekkvið þarf ífa reglulega.

úsgögn úr tekkvið sem í úti árið um kring þarf að a og þússa á hverju ári og erin góður tími til þess. Þeg- gögnin eru þrifu er best að ottasvamp með hrjúfri hlið yta hann með vatni og hús- sápu. Húsgögnin eru nudd- ð svampinum og sápan svo i af með hreinu vatni, en r að nota til þess garðslöng- ðf ekki er vel hugsað um ísgögnin grána þau smám i, en sumir kjósa að hafa þau 3.

ad viðhalda fallega rauða itnum þarf að bera tekkolíu m reglulega, en það er hægt hana í spreibrúsa og úta á húsgögnin og nudda þau eð hrjúfu hliðinni á potta- ni. ■

Eitt líf

– njótum þess



Queen

152x203 cm.

Gafl

Botn

Lappir

Dýna

AÐEINS KR

134.900,-



THE NeverTurn MATTRESS



3 litir af botnum og SquareAlu fætur



Signature Base



Signature Brown



lady white



THE NeverTurn MATTRESS

Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með tvíherta stálgormakerfinu „Torsion II“. 806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm). Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%. 100% náttúruleg gæðaeefni. Laserskorin ConformaFoam yfirdýna. Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á tilboði með galli og öllu tilheyrandi!

Signature rúm með Spring Air heilsudýnu.

Þrjár gerðir af göflum í boði (Signature, Lady og Viking), þrjú litir og þrjú stíflleikar á dýnu. Ath! aukahlutir á myndum ekki innifaldir í verði.

Tilboðsverð

Signature rúm, Natures Comfort heilsudýna

Heiti	Stærð	Verð kr
SIGNATURE NATURES COMF. Queen	153 x 203	129.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. Cal. King	183 x 213	164.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. King	193 x 203	164.900 kr



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Lokataækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum

Vorhreingerningu Reykjavíkur lýkur ekki fyrr en um miðja þessa viku.

Hreinsunarátakið Vorhreinsun í Reykjavík mun standa eitthvað fram í þessa viku en upphaflega átti áttunda áttunda síðasta laugardag. Í þjónustuveri Reykjavíkurborgar fengust þær upplýsingar að ástæða þess að átakið var framlengt væri sú að garðahreinsun Reykjavíkinga hefði verið mun umfangsmeiri en gert hefði verið ráð fyrir, enda félli ávallt til mikið af lífrænum úrgangi þegar fólk

hreinsaði til í gördunum sínum eftir veturinn.

Óheimilt er að setja þennan úrgang í sorptunnu heimilisins og því hefur Reykjavíkurborg boðið borgarbúum upp á aðstoð við að fjarlægja hann. Starfsmenn Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar munu því halda áfram að fjarlægja garðaúrgang eitthvað áfram, en þó hvorki lausan jarðveg né heil tré eða trjástofna. Garðaúrganginn skal setja í poka og binda greinaafklippur í knippi.

Áhugasömum má einnig benda á að umhverfisvið Reykjavíkurborgar leigir með

kaupleigu jarðgerðartanka fyrir garðaúrgang og lífrænan eldhúsgöngang. Ef garðaúrgangur er ekki nýttur í garðinum skal almennt losa hann á endurvinnslustöðvum Sorpu.

Að vorhreinsun lokinni, sem verður að öllum líkindum fyrir vikulokin verða lóðarhafar sjálfir að flytja garðaúrgang í endurvinnslustöðvar Sorpu. Það er því ekki seinna vænna að nýta sér þessa þjónustu og taka til hendinni í garðinum. ■

Borgarstjóri tekur til hendinni við upphaf Vorhreinsunarinnar sem nú hefur verið framlengd.



Stýrkir verða fljótlega afhentir úr Húsvendarsjóði.

Úthlutun úr Húsvendarsjóði

Niðurstöður um styrkþega liggja fyrir.

Niðurstöður úthlutunar Húsvendarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 2005 liggja fyrir, en öllum umsækjendum mun verða sent bréf þar sem tilkynnt er um niðurstöðu og styrkuppþæð þeirra sem hljóta styrkinn að þessu sinni.

Nánari útfærslu á framkvæmdum sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum þarf að bera undir Minjasafn Reykjavíkur til samþykktar. Að fengnu samþykki skal undirrita yfirlýsingu sem liggur frammi á Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, Borgartúni 3, og mun styrkurinn þá verða greiddur inn á reikning viðkomandi. Upplýsingar um þá sem hlutu styrk í ár er að finna á heimasíðu Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, www.skipbygg.is ■



Hægt er að nota einfaldan eldhúsvamp til að þrifa garðhúsgögnin.

Viðhald á garðhúsgögnum

Garðhúsgögn úr tekkvið þarf að þrifa reglulega.

Garðhúsgögn úr tekkvið sem standa úti árið um kring þarf að hreinsa og þússa á hverju ári og eru vorin góður tími til þess. Þegar húsgögnin eru þrifað er best að nota pottasvamp með hrjúfri hlið og bleyta hann með vatni og húsgangasápu. Húsgögnin eru nudduð með svampinum og sápan svo skuluð af með hreinu vatni, en best er að nota til þess garðslönguna. Ef ekki er vel hugsað um tekkhúsgögnin grána þau smám saman, en sumir kjósa að hafa þau þannig.

Til að viðhalda fallega rauða viðarlitnum þarf að bera tekkolíu á viðinn reglulega, en það er hægt að fá hana í spreibrúsa og úta henni á húsgögnin og nudda þau svo með hrjúflu hliðinni á pottasvampi. ■

Eitt líf

– njótum þess

**Betra
BAK**

Queen
152x203 cm.
Gafli
Botn
Lappir
Dýna
**AÐEINS KR
134.900,-**



THE
NeverTurn
MATTRESS



3 litir af botnum og SquareAlu fætur



Signature Base



Signature Brown



Lady white

www.design.is @ 2005



THE
NeverTurn
MATTRESS

Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með tvíherta stálgormakerfinu „Torsion II“.

806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).

Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%.

100% náttúruleg gæðaefti.

Laserskorin ConformaFoam yfirdýna.

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér

að finna réttu dýnuna fyrir þig á tilboði með gafli og öllu tilheyrandi!

Signature rúm með Spring Air heilsudýnu.

Þrjár gerðir af göflum í boði (Signature, Lady og Viking), þrír litir og þrjár stíflleikar á dýnu.

Ath! aukahlutir á myndum ekki innifaldir í verði.

Tilboðsverð

Signature rúm, Natures Comfort heilsudýna

Heiti	Stærð	Verð kr
SIGNATURE NATURES COMF. Queen	153 x 203	129.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. Cal. King	183 x 213	164.900 kr
SIGNATURE NATURES COMF. King	193 x 203	164.900 kr

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



Hágæða gegnheilt parket.
Yberaro verð frá 2.950 kr. ferm.
Fullfrágengin gegnheil Eik verð frá 3.250 kr. ferm.

*Yberaro tónar vel við kirsuberjavið.
Nánari upplýsingar á www.parketsalan.is

Parketsalan ehf
Hringbraut 119. S.5526699



Pólyhúðun

Innbakað Duftlakk á alla málma

Pólyhúðum:
Utanhússklæðning
álguggar
bárújárn
stálvirki
handrið
gler
sólbeppi
vatnsbretti
o.fl.
o.fl.

Þessir byggja til framtíðar...
...og við hjálpuðum þeim.
Vilt þú byggja til framtíðar?

Eigum á lager 350 RAL litir

Pólyhúðun ehf
S: 544 5700 * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur

MARMOLEUM® click

Nýtt á gólfið

Smelltu Marmoleum click
á gólfið
- það smellpassar



Mótið gólfið sjálf
eftir ykkar smekk

Marmoleum click
er náttúrulegt
línoleumparket

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Vilmundur fékk að finna fyrir því á dögunum að það getur verið varasamt að klifra í trjám. Því er hann með spelkur.

Í sömu röð og garðyrkjuverkin

Garðurinn allt árið er nýtt kver fyrir garðeigendur. Það gefur glöggar upplýsingar um það sem gróðurinn þarfnast á hverjum árstíma. Vilmundur Hansen er ritstjórinn.

„Hugmyndin á bak við bókina er sú að búa til aðgengilega bók um gróðurinn í garðinum. Þarna er ekkert efni sem tengist þöllum eða hellum eða slíku,“ segir Vilmundur og heldur áfram að lýsa ritverkinu. „Hugmyndin að framsetingunni er að vera með einfaldan texta sem er ætlaður almenningsi. Við byggjum bókina upp á myndum því myndir segja meira en þúsund orð, svo notuð sé sú gamla klisja. Það er staðreynd að



Forsíða nýju bókarinnar.

fólk er farið að lesa myndir meira en texta og nákvæmar lýsingar á plöntum og vaxtarformi þeirra eru óþarfar. Fólk getur blaðað í bókinni og lesið textann kringum myndirnar.

Bókin skiptist í fjóra kafla. Hún byrjar á vorinu og svo kemur sumar, haust og vetur. Það er reynt að hafa hana í þeirri röð sem garðyrkjuverkin koma. Að vísu má hugsanlega segja að síðasti kaflinn í bókinni sé fyrsti kaflinn, eftir því hvernig á hlutina er litið. Hann heitir sáning og uppeldi sumarblóma. Maður byrjar nefnilega á því í janúar og svo vinnur maður sig í átt að sumrinu.

Þetta er fyrsta bókinn í ritröð sem fyrirtækið Sumarhúsið og garðurinn gefur út og næsta bók er vel á veg komin.“ ■



Keramik fyrir alla

**Barnaafmæli
Bekkarferðir**



**Frábær skemmtun
fyrir allan hópinn.
Tilboðspakkar**

**Keramik og pizza frá
kr. 990 á mann.
Hópstærð 8-25**

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

Vortískan komin í hús

Eitt litríkt húsgagn eða málningsarsletta á gamlan skáp getur gert gæfumuninn.

Það er fátt eins hressandi og að taka almennilega til hjá sér eftir langan og strangan vetur. Í framhaldinu er líka kjörið að gera smávægilegar breytingar hér og þar. Nú eru sterkir litir í tísku, ekki bara í sýningarpöllum tískuhúsanna heldur ekki síður inni á heimilinu. Þú þarft ekki að kosta miklu til til að tolla í innanhústískunni, smá málning, pensill og elstu og snjádustu húsgögnin þín duga.

Það er nóg að mála einn koll eða eina lúna bókahillu í skærum og skemmtilegum lit og heimilið lifnar við. Svo þegar liturinn fer úr tísku þá er ekkert mál að mála bara svart eða hvítt yfir – nú eða kveðja húsgagnið með virktum og senda það í Sorpu.



Hárauður er einkar upplifgandi.

matur o.fl.

Á FÖSTUDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Einbýli



Hesthamrar, Grafarvog Stórglæsilegt einbýli á einni hæð á þessum frábæra stað í Grafarvogi. Húsið er 223,5 fm. með stórglæsilegum ræktuðum garði. Húsið skiptist í forstofu, hol, borðstofu, stofu, sólskála, eldhús, arinstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi, snyrtingu, þvottaherbergi og bílskúr. **V.- 45** (3710)



Blesugróf 96,8 fm á tveimur hæðum auk þess óinnréttað manngengt ris. 13,5 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnh. 2 stofur, eldhús, 2 snyrtingar, einnig má innrétta svefnherbergi og sjónvarpshol í risi. Eignin er byggð 1958 vel umgengin og vel viðhaldið, en í upprunalegu standi. Miklir byggingarmöguleikar að sögn eiganda. **V.- 22,9** (3769)



Austurvegur, Vík í Mýrdal Til sölu einbýlishús 115 fm á einni hæð. Húsið er heilsárshús. Skoðuðu myndir á netinu. Nánari uppl. gefur María á skrifstofu. (3182)



Kópavogsbraut 3 íbúða hús. Mikið endurnýjað einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr á 2 hæðum. Eignin skiptist í: 174,1fm efrri hæð, forstofa, gestasalerni, hol, borðstofa, stofa, eldhús, þvottahús, 3 herbergi og bað. Neðri hæð skiptist í: forstofu, geymsl/þvottah., baðherbergi, herbergi, eldhús, stofu. Bílskúrin skiptist í 2 faldan 56fm. Undir bílskúr er 56fm rými sem hægt er að breyta í íbúð. Húsið er mikið endurnýjað og var byggt við húsið árið 2000, stofa stækkuð, íbúð á jarðhæð byggð og bílskúrin var einnig byggður árið 2000. Húsið getur losnað fljótlega. **V.- 52,6** (3739)



Láttu nú drauminn ræstast Um er að ræða dásamlegan sumarbústað á yndislegum stað í **Vík Mýrdal** þar sem kvíldsólin vermir þig. Húsið er á 2 hæðum, auk kjallara 118, fm. Allar nánari upplýsingar gefur María á skrifstofu. (3183)

Hæðir



Bjarkargata við **Tjörna** og **Hljóm-skálagarðinn**. Um er að ræða 109,6 fm hæð og ris á þessum eftirsóttu stað. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, tvær samliggjandi stofur, tölvuherbergi, eldhús, og snyrtingu, frá eldhúsi er útgengi á mjög stórar suður svalir. **Ris:** hol, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er sameiginlegt þvottaherbergi. Sameiginlegur garður í góðri rækt. Mjög falleg eign. **V.- 31,9** (3731)

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

María Haraldsdóttir
Sölustjóri
maria@101.is
Gsm 820 8103

Helgi J. Jónsson
Sölumaður
helgi@101.is
Gsm 820 8104

Leifur Aðalsteinsson
Frákvæmdastj./ Sölum.
leifur@101.is
Gsm 820 8100

Sigtryggur Jónsson
Lögg. fasteignasali
sigtryggur@101.is
Gsm 863 2206

Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri
hrahnl@101.is

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEÐLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

„Ég hef tíma til að gera allt sem mig langar að gera“
Kærlleikskorn, Guðrún Bergmann



Fagrakinn, Hafnarfirði 101,4 fm neðri sér hæð auk 28 fm bílskúrs. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, stofu, borðstofu, eldhús, 3 svefnherbergi, þar af eitt forstofuherb., þvottaherbergi og geymslu. Íbúðin þarfnast einhverjar standsetningar. **V.- 18,9** (3775)



Laugateigur Stórglæsileg 141,0fm 5 herb. efrri sérhæð ásamt 28,9fm bílskúr. Eignin skiptist í: Tvær stórar stofur, gang, eldhús, búr, 3 rúmgóð herbergi, baðherbergi og góðan bílskúr. Búðið er að endurnýja: glugga, gler, ofnalagnir, heitavatslagnir, eldhús, bað, fataskápa og gólfefni, einnig er búð að skipta um þak, gólf og rafmagn í bílskúr. **V.- 32,9** (3751)

4ra herb.



Njálsgata 4 herb. íbúð á 2 hæðum í steniklæddu húsi í Miðborginni. Eignin skiptist í: Efrri hæð: Forstofu, eldhús, stofu, herbergi og baðherbergi. Neðri hæð: Sjónvarpshol, 2 herbergi, fataherbergi, þvottahús og geymsla. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Lyklar á skrifstofu. **V.- 21,5** (3742)



Stíflusel, Seljahverfi 113fm 4 herb. íbúð á 2 hæð ásamt geymslu. Mjög snyrtileg íbúð sem skiptist í: forstofu, eldhús, bað, hol, stofu, 3 rúmgóð herbergi. Sér geymsla í kjallara. Sam. þvott/purrk. Íbúðin er öll nýmáluð og nýtt parket á gólfum. Stórar suður svalir. Eignin getur losnað fljótlega. **V.- 18,5** (3753)



Snorrabraut Mjög falleg 4ra herb. 100 fm íbúð á 3 hæð í litlu fjölbýli. Eignin skiptist í: forstofu, eldhús, bað, stofu og 3 herbergi. Í kj. eru 2 sér geymslur og sam. þvottahús. Mjög stutt í bæinn og alla þjónustu. Sameiginlegur afgirtur garður. **V.- 16,0** (3700)



Torfufell 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fjölbýli sem búð er að taka í gegn að utan, ásamt yfirbyggðum 11,5 fm svölum. 3 svefnh. uppþvottvél fylgir með. Þvottahús innaf eldhúsi. Mjög snyrtileg íbúð. **V.- 15,5** (3767)



Ingólfsstræti 143,2fm 4 herb. íbúð á 2 hæðum. Eignin skiptist í: forstofu, stofu, sjónvarpsherb. 4 svefnherb, 2 bað, hol og eldhús. Allt ný uppgert, glæsilegar innréttingar og gólfefni. Listar og rósettur í loftum. Sérstaklega virðulegt hús í Þingholtunum. **Verð tilboð** (3491)

3ja herb.



Skúlagata Skráð 2ja búíð að breyta í 3ja herb. kjallara íbúð. Endurnýjað eldhús sem verið er að vinna í fylgir með í kaupunum. Stutt í alla þjónustu. **V.- 12,5** (3287)



Suðurlíð Glæsileg 102,4fm 3 herbergja íbúð á jarðhæð með stæði í bilageymslu. Glæsileg íbúð sem skiptist í: forstofu m/skápum, hol með flísum, 2 rúmgóð herbergi m/skápum, parket á gólf. Baðherbergi með baðkari, innrétting, flísar á gólf og veggjum. Mjög rúmgóð stofa og eldhús með parketi á gólf, arin, útgangur út á hellulagða vernd með tengi fyrir heitan pott. Eikar innréttingar og parket. Stæði í lokaðri bilageymslu, ásamt geymslu. **V.- 30,7**



Hringbraut, íbúð á 2 hæðum Eignin skiptist í: Neðri hæð: Forstofa, herbergi og bað. Efrri hæð: Stofa, borðstofa, eldhús, herbergi. Efra ris: Herbergi. 2 stæði í bilageymslu. Mjög falleg eign á frábærum stað. EIGNIN ER LAUS VID KAUPSAMNING. **V.- 17,9** (3346)



Hjaltabakki 89,4 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérgarði. Eignin skiptist í: 2 rúmgóð herbergi með skápum, eldhús, bað og stóra stofu. Í kjallara er sérgeymsla og sam. þvottahús. Íbúðin er mjög stýrtileg. ÍBÚÐIN ER LAUS OG TIL AFHENDINGAR, lyklar á skrifstofu. **V.- 14,9** (3689)



Húsið er í kastalastíl en hann komst í tísku meðal heldri borgara á öðrum tug 20. aldar og risu nokkur slík í Reykjavík. Húsið hefur lítið breyst frá því það var byggt en það var teiknað af Einari Erlendssyni arkitekt fyrir Pétur J. Thorsteinsson og byggt á árunum 1916-19. Það er byggt úr járn-bentri steinsteypu og þótti innra skipulag þess óvenjulegt á sínum tíma en eins konar skáli er í miðju hússins með gluggum efst á veggjum sem ná upp úr þakinu. Turnhýsi þar sem vinnustofa Muggs var nær einnig upp fyrir þakflötinn.



Reykjavíkrapótek, Austurstræti 16

Þetta er fyrsta stórhýsið sem Guðjón Samúelsson arkitekt teiknaði. Mikið var lagt í bygginguna og hún ríkulega skreytt, og á meðal skreytinga er lítil höggmynd fyrir ofan hornsúlu við aðalinnangang hússins eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Skrifstofur hafa verið á efri hæðum hússins, en í risinu var Frímúrarareglan með fundarsali og má sjá merki hennar á einum kvisti hússins. Reykjavíkrapótek var á jarð-hæðinni frá 1930 til 1999, en veit-ingahús er nú rekið í húsnæði apóteksins.



Landsbankinn, Austurstræti 11

Danski arkitektinn Christian Thuren teiknaði elsta hluta Landsbankahússins, en það var í nýendurreisnarstíl og byggt úr tilhöggnu múrhúðuðu grá-grýti. Það skemmdist mikið í brunanum mikla 1915 og stóðu rústir þess óhreyfðar til 1923, þegar hafist var handa við endurbyggingu þess eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar arkitekt. Hann sá einnig um hönnun á innréttingum bankans. Árið 1934 var haldin samkeppni um enn frekari stækkun bankans og vann Gunnlaugur Halldórsson arkitekt þá keppni með byggingu í anda funksistefnunar. Húsið var friðað árið 1991.

Heimildir: Leiðsögn um íslenska byggingarlist, 2000. Arkitektafélag Íslands.

75.990
~~89.690~~

Amica

Kælir/frystir Amica

177 sm stál orkunýting A kælir 196 ltr. frystir 70 ltr. Tvær pressur. 1808307

56.990
~~69.990~~

e6

Kælir/frystir Amica

177 sm orkunýting A Verð áður 62.990 1808305 **49.990**

56.990
~~69.990~~

e6

Kælir/frystir Amica

157 sm stál orkunýting A kælir 183 ltr. frystir 55 ltr. 1808314 **e6**

28.990
~~33.990~~

e6

Kælir/frystir Amica

85 sm orkunýting A+ Verð áður 28.900 1808304 **19.990**

e6 Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. **e6 tilboðið** stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.* *e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

28.990
~~33.990~~

e6

Kælir/frystir Amica

122 sm, kælir 154 ltr. frystir 38 ltr. 1808306 **e6**

36.990
~~39.990~~

e6

Kælir/frystir Amica

144 sm orkunýting A kælir 159 ltr. frystir 55 ltr. 1808309 **e6**

Kældu þig niður í sumar



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

TILBOÐ

ACE SE

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

64BITA KRAFTUR

Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB



17" LCD SKJÁR

Ótrúlega nettur skjár, 500:1 í skerpustig og 12ms hraði fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum



PCI EXPRESS x16

Nýr staðall sem skilar enn meiri hraða með PCI-Express x16 skjáskortum en eldri AGP raufar




256MB GEFORCE 6

Með CineFX 3.0 sem skilar ótrúlegri grafík í leiki og enn meiri hraða með PCI-Express



16xDVD±SKRIFARI

16x DVD skrifari, líka 48x hraða geislaskrifari og venjulegt DVD drif ásamt hugbúnaði



SPECIAL EDITION

Ace SE kemur í áltorni með nær hljóðlausum aflugaf, PRO mús, lykklaborði og gel músarmottu



- Örgjörvi** 3500+ Athlon64 -90nm S939
- Vinnsluminni** 640K flýtiminni, 1600MHz FSB+HT
- 1GB Dual DDR 400MHz**
- Harðdiskur** Corsair minni með lífstíðarábyrgð
- 200GB Western Digital SATA**
- Serial ATA150, 7200 RPM, 8MB buffer**
- Skjáskort** 256MB GeForce6 NX6600
- MSI PCI-Express 16x, DVI og TV-út**
- Skjár** 17" LCD Acer 1715s flatskjár
- 500:1 í skerpu og 12ms viðbragðstími**
- DVDskrifari** 16x DVD± DL skrifari
- Les og skrifar DVD og CD diska**
- Hljóðkort** 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2
- Frábært í leiki og bíómyndir**
- Hátalarar** Fyrirferðalítilir hátalarar
- 2 lítilir og nettir hátalarar**
- Netkort** Gigabit 10/100/1000
- Vandað og hraðvirkt netkort**
- Stýrikerfi** Windows XP Home - SP2
- Á íslensku eða ensku, þitt er valið**

VL15
Vaxtalaustr í 15 mánuði
9.993

VERÐ 149.900

SÚPERTILBOÐ 3

2500+

- 2500+ AMD Sempron
- Hljóðlát örgjörva kælivífta
- MSI K7N2GM-V móðurborð
- 512MB DDR Corsair minni
- 128mb GeForce 4 skjáskort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- Innbyggt Netkort, 8xUSB2
- 3xPCI, AGP 8x, ofl. ofl.

VERÐ 21.900

DIGITAL IXUS 30

Canon

- 3.2MegaPixa upplausn
- 3xOptical Zoom Canon linsa
- Stór 2" LCD skjár á baki
- Kvikmyndaupptaka með hljóði
- Ótrúlega nett, aðeins 115 gr.

VERÐ 23.900

SÚPERTILBOÐ 7

3400+ Athlon64, MSI K8N NEO3 nForce3 móðurb. 1GB DDR400 minni, PCI-Express, FireWire, Gigabit netkort, 8xUSB2, SATA150 Raid og ATA100.

VERÐ 39.900

200GB HARDDISKUR

Western Digital

200GB Special Edition með Fluid Dynamic Bearing tækni, skilar mun hljóðlátari og endingarbetri diskum, 7200RPM og 8MB buffer

VERÐ 8.990

PRÁÐLAUST SETT

Labtec

Práðlaust lykklaborð með forritanlegum flýthnökkum og práðlausri Optical geislaús frá Labtec, engar snúror og ekkert vesen, ótrúlegt verð

VERÐ 3.990

7.1 HÁTALARAR

CREATIVE

7.1 Dolby Digital, T7900 styður Dolby Digital EX, DTS ES og Microsoft DirectSound. MP3 spilarar eru tengjanlegir beint í kerfið

VERÐ 14.900

1.8GHz K7, MSI móðurb., 3D skjáskort, netkort ofl.

VERÐ 9.990

Logitech Webcam Messenger vefmyndavél

VERÐ 4.990

Traxdata 4,7GB DVD+R 8x hraða, 10stk í spindlu

VERÐ 1.990

MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2)

VERÐ 2.990

Logitech MX510 Performance Optical Mús

VERÐ 3.990

Hágæða Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól

VERÐ 4.990

256MB Cruiser Micro, USB2 minnislykill frá Sandisk

VERÐ 2.990

512MB DDR 400MHz minni með lífstíðarábyrgð

VERÐ 4.990

MasterCard
Vaxtalaustr tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreifist jafnt yfir samningstímann

VISA

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

PAUL GAUGUIN (1848-1903)
lést þennan dag



„List er annað hvort ritstuldur eða bylting.“

Paul Gauguin var franskur listmálari. Hann var góðvinur Vincent Van Gogh. Hann eyddi síðari hluta ævi sinnar á suðlægum slóðum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Buffalo Bill í Englandi

Hin vinsæla bandaríska Buffalo Bill-sýning um vilta vestrið var í fyrsta sinn sett á stökk í Evrópu á þessum degi árið 1887. Fyrirmynd Buffalo Bill, maður að nafni Cody, hafði 15 árum áður orðið landsþekktur í Bandaríkjunum þegar hann var gerður að hetju í bókum Edward Judsons, en Cody vann sem bufflaveiðimaður. Judson var einnig sá er sannfærði Cody um að taka þátt í sýningum byggðum á bókunum. Viktoría drottning Englands var meðal gesta þegar fyrsta sýningin í Evrópu var sett upp í Earls Court í London. Sýningin vakti mikla lukku og varð síðar heimsþekkt. Hún var sett upp um alla Evrópu og var meðal annars sýnd í Mongólíu. Cody vann við sýninguna næstu 30 árin. Eftir að sýningin fór á hausinn hélt hann áfram að koma fram í öðrum svipuðum sýningum þar til tveimur



9. MAÍ 1887

mánuðum fyrir dauða sinn árið 1917. Yfir 18 þúsund manns voru viðstaddir útför hans og dregur leiði hans við Denver enn að sér mörg þúsund gesti á hverju ári.

MERKISATBURÐIR

- 1593 Konungur úrskurðar að innsigli Íslands skuli vera ófluttur, óhöfðaður þorskur með kórónu konungs.
- 1855 Prentfrelsi er lögleitt á Íslandi.
- 1945 Bandaríkjamenn handsama Herman Göring.
- 1955 Vestur-Þýskaland gengur í NATO.
- 1974 Rithöfundar sameinast í eitt stéttarfélag, Rithöfundasamand Íslands.
- 1974 Sverrir Hermannsson talar í rúmar fimm klukkustundir á Alþingi til að mótmæla þingrofi.

AFMÆLI

Páll Pamplicher Pálsson hljómsveitarstjóri er 77 ára.

Rannveig Rist, forstjóri Ísal er 44 ára.

Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður er 32 ára.

Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona er 31 árs.

Ásthildur Helgadóttir knattspyrnukona er 29 ára.

Sigríður Eyrún Fríðriksdóttir er 29 ára.

ANDLÁT

Katrín Helgadóttir, fv. skólastjóri Hús-mæðarskóla Reykjavíkur, er fallin frá. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Magnús Einarsson, bifreiðastjóri frá Tjörnum, Strandaseli 11, Reykjavík, lést á Vífilstöðum föstudaginn 6. maí.

Sigurður Eggert Magnússon, Las Vegas, Nevada Bandaríkjunum, andaðist á sjúkrahúsi í Las Vegas sunnudaginn 3. apríl. Bálfför hefur farið fram.

JARÐARFARIR

15.00 **Eyjólfur Kristinn Lemann Alfreðsson**, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju.

FÆDDUST ÞENNAN DAG



1265 **Dante Alighieri**, höfundur Gleðileiksins guðdómlega.



1837 **Adam Opel** bílasmíður og framleiðandi.



1918 **Mike Wallace** fréttamaður.



1936 **Glenda Jackson** leikkona.



1936 **Albert Finney** leikari.

TÍMAMÓT: BENEDIKT DAVÍÐSSON LÆTUR AF FORMENNSKU

Verðum að vera frek og láta í okkur heyra

„Ég ætla ekki að gefa kost á mér áfram sem formaður sambandsins. Ég er búinn með kvótann og það er kominn tími til að einhver annar taki við,“ segir Benedikt Davíðsson sem hefur gegnt starfi formanns Landssambands eldri borgara í átta ár.

Á þeim tíma segir hann að beri hæst hve virknin sé orðin mikil í öllum aðildarfélagunum. Einnig hve mikið hafi unnist í hagsmunamálum sem snúi að stjórnvöldum. „Það sem kannski helst er tekið eftir er að umræðan er orðin miklu meiri um þennan málaflökk en var,“ segir Benedikt en hann telur að fyrir átta árum hafi málaflökkurinn nánast verið í þagnargildi.

„Við höfum reynt að troða okkur alls staðar að og vera frek og láta í okkur heyra,“ segir Benedikt sem telur það hafa stuðlað að mikilli viðhorfsbreytingu, sérstaklega gagnvart eldra fólki á stofnunum.

Þá hafi samtökin einnig komið sér að í nefndum og ráðum. „Til dæmis eru fulltrúar frá Landsambandinu inni í stjórn framkvæmdasjóds aldraðra sem ekki var áður,“ segir Benedikt auk þess sem fulltrúar frá aðildarfélagum sambandsins um land allt séu í samstarfsnefndum sveitarfélaganna. Með því telur Benedikt að hans fólk verði mun sýnilegra og geti komið beint að málum.

Benedikt segir starfið með eldri borgurum hafa verið mjög ánægjulegt. Nú sé hann þó kominn á þann aldur að hann ætli að verða sjálfsekskur og leika sér svölftið enda að nálgast áttætt. „Ég hef í nóg að horfa,“ segir Benedikt sem er smíður og ætlar að leika sér í því, auk þess sem hann mun eyða frítíma sínum í sumar norður í Eyjafirði. ■



BÚINN MEÐ KVÓTANN Benedikt segir margt hafa áunnist á þeim átta árum sem hann hefur gegnt formennsku. Eldri borgarar séu nú orðnir mun sýnilegri en þeir voru áður.

Evrópudagurinn er í dag

Í dag er Evrópudagurinn en hann er rakinn til Schuman-yfirlýsingarinnar svokölluðu frá árinu 1950. Þá lýsti Robert Schuman, páverandi utanríkisráðherra Frakklands, því yfir að samrunaferli Evrópu væri hafid.

Ákveðið var að hefja náið samstarf milli Evrópuríkja og koma stofnun á laggirnar sem hefði yfirþjóðlegt vald. „Þetta var gjörbylting, því þótt slíkt samstarf hafi áður komið til greina hafði engum dottið í hug að framselja ákvörðunarvald til einnar sameiginlegrar stofnunar,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnmaðlafræðingur.



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

Upphaflega stóðu sex ríki að samstarfinu en síðan hefur það þróast yfir í Evrópusambandið sem við þekkjum í dag. Eiríkur er þess fullviss að Evrópusamruninn hafi forðað álfunni frá ófriði. „Eitt af meginmarkmiðum samstarfsins var að koma í veg fyrir styrjaldir og það hefur tekist. Í dag er til dæmis óhugsandi að Þjóðverjar ráðist inn í Frakkland og það má rekja til þessa.“

Í Frakklandi er Evrópudagurinn haldinn hátíðlega og Eiríkur vonar að þess verði ekki langt að bíða að hið sama gerist hér á landi. „Að mörgu leyti erum við í Evrópusambandinu þótt við urkennum það ekki.“ ■

Fróðleikur af gardur.is



Listmálari:

Gunnlaugur Scheving

Gunnlaugur Ó. Scheving var fæddur í Reykjavík 8. júní 1904, sonur hjónanna Hallbjargar Jónsdóttur og Björns Gíslasonar kaupmanns (bróður Þorsteins ritstjóra, föður Vilhjálm P. útvarpsstjóra og Gylfa ráðherra). Eftir nokkur ár hjá móðurforeldrum varð hann kjörsonur Jóns Scheving og Guðlaugar Jónsdóttur á

Unaósi. Frá Austurlandi fór Gunnlaugur til Reykjavíkur 1921 í nám í einkaskóla Muggs og hjá Einari Jónssyni myndhöggvara. Hélt til Kaupmannahafnar 1923, var í skóla Viggos Brandt, Statens Museum for Kunst, Det Kgl. Akademi for de Skønne Kunster og hjá próf. Aksel Jørgensen til 1930. Hann gerðist listmálari í Reykjavík, hélt sýningar þar og tók þátt í sýningum erlendis: a.m.k. sjö í Khöfn, oftast á Charlottenborg, í Lundúnum, Árósum, Gautaborg, Björgvin, Osló, Brüssel, Róm, Rússlandi og Póllandi. Yfirlitssýningar voru í Listasafni Íslands 1970, 1997 og 2001. Verk hans eru í listasöfnum víða um heim. Hann gaf Listasafni Íslands 1800 verk eftir sinn dag. Hann lést 9. des. 1972. Gunnlaugur var í fremstu röð myndlistarmanna. Hann "fór eigin leið með einstæðum efnistöku sínum og viðfangsefnum, þar sem landslagið er ekki takmark í sjálfu sér. Heldur vettvangur fyrir mannlífið" (Björn Bjarnason). Meðal bóka um hann er Gunnlaugur Scheving eftir Matthías Johannessen, 1974. K.h. (1932) var Grete Linck frá Khöfn. Þau skildu.

Meira á gardur.is

Hægt er að setja inn zeivdrög lítinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.



Ólafur S. Kristmundsson
Austurbergi 8. Reykjavík
er 50 ára í dag.



SÚÚÚÚP ER TÖLVA



Sjónvarpskort

ATI skjákort

ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 SE 128MB DDR skjástýring

- Aukinn kraftur fyrir nýjustu leikina.
- Meiri raflíöduending með POWERPLAY(TM) tækni.
- 2 skjáir í einu með HYDRAVISION(TM) tækni.
- DirectX9.0 samhæft
- 30% hraðvirkara en fyrirrennarinn!

ATI Mobility Radeon 9700 SE 128MB DDR

Háhraða þrívíddar skjástýring. Gerir þér kleift að spila nýjustu tölvuleikina í frábærum gæðum.

MEDION C7 Centrino 3300

MD95343

- Pentium® M processor 1.7 GHz (735)
- 15.4" WXGA TFT (1280x800)
- ATI® MOBILITY RADEON™ 9700 SE 128MB
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- 512 MB DDRAM 333MHz PC2700
- 100 GB 5400RPM diskur
- Super DVD RW +/- skrifari "DUAL LAYER"
- Hátalarar með bassaboxi
- 54Mbit þráðlaust netkort
- TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
- MediaBay kortalesari
- Lithium-Ion rafhlaða
- Þyngd 3 kg

DVD
Wi Fi
centrino
Bluetooth

Fjarstýring

5.357*

Þú velur greiðsluform sem hentar

5.357*

Tölvukauplán 48 mán.

Heildarverð er 257.168 krónur.

15.999**

Vaxtalaust 12 mán.

191.988

Staðgreitt

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við minútu.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Stafræn-tökuvél

Panasonic

MiniDv videovél NVGS178

NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.



BT Bestu kaupin

DV tengi og USB2
DV tengi og nýjustu USB tengi möguleikum.

2.5" Litaskjár
Hágaða LCD litaskjár sem þú snúir eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

3.299*

Á MÁNUDI Í 12 MÁNUDI VAXTALAUST

39.588*

Heildarverð er 41.528 krónur.

WINDON'S MOVIE MAKER
Klípptu sjálfur í tölvu

Stafræn-myndavél

SONY

SONY CYBERSHOT 4.1 MI DSC-S80

Tilboð!
Bættu við kr. 333 á mánuði í 12 mán. og fáðu 256 MB minnskort

2.499*

Á MÁNUDI Í 12 MÁNUDI VAXTALAUST

29.988*

Heildarverð er 31.984 krónur.



2.0" litaskjár
Stór og vandaður litaskjár tryggir þér frábær myndgæði og skerpu.

Hleðslurafhlióður
Allt að 440 myndir á einni hleðslu.

Aðdráttur
3x optical 4.1 Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hámarks-gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.

MPEG movie upptaka
Þú getur tekið upp myndskoð. Lengd þess takmarkast aðeins við stærðar minnskorts.

Nýjasta vélin frá SONY

Hleðslutæki og auka hleðslurafhlióður fylgja!

BT



Heyrst hefur ...

að Aðalsteinn Eyjólfsson íhugi nú tilbúið frá liðum hér heima sem og í Þýskalandi. Aðalsteinn liggur undir þykum feldi í Þýskalandi þessa dagana en líklegt þykir að Aðalsteinn muni kanna til hlitar fjárhagsstöðu þess félags sem býður best enda var örsjaldan sem að launin skiluðu sér á réttum tíma hjá Weibern.

sport
sport@frettabladid.is

Hlynur Bæringsson: Hugsanlega til Hollands

KÖRFUBOLTI Hlynur Bæringsson, fyrirlíði Snæfells og landsliðsmaður í körfuknattleik, á í viðræðum við hollenska liðið Woonaris. Það var létt yfir Hlynur þegar blaðamaður Fréttablaðsins sló á þráðinn til hans. „Já, það yrði fróðlegt ef ég færi til Hollands, því ég veit álíka mikið um vindmyllur og færeyska godafræði,“ sagði Hlynur og hló. „En það eru ágætis líkur á þessu og ég hlakka til að sjá hvernig þetta fer.“



Á LEIÐ Í ATVINNUMENNSKU? Hlynur Bæringsson hefur átt í viðræðum við Woonaris í hollensku úrvalsdeildinni í körfuknattleik.

Sigurður Þorvaldsson, samherji Hlynis hjá Snæfelli, á einnig í viðræðum við Woonaris. „Þetta er nýkomið á borð til mín þannig að þetta er allt á frumstigi,“ sagði Sigurður í samtali við Fréttablaðið. „Við félagarnir erum einmitt farnir að huga vel að sundinum, enda lífsnauðsynlegt á láglendinu,“ bætti Sigurður við og hló.

Þess má geta að Brandon Woudstra, fyrrum leikmaður Njarðvíkur, leikur með Woonaris.

Barcelona–Valencia: Hönd á titli

FÓTBOLTI Barcelona sýndi styrk sinn í gær þegar liðið vann öruggan sigur á Valencia á útivelli, 2-0. Það getur því fært komið í veg fyrir að Barcelona vinni spænska meistaratitilinn í fyrsta skipti síðan 1999 en þegar þrjár umferðir eru eftir hafa þeir 6 stiga forystu á Real Madrid.

Ronaldinho og Samuel Eto'o skoruðu mörk Barcelona en þeir hafa verið með betri leikmönnum liðsins í vetur. Barcelona er með sex stiga forskot á Real Madrid að ólíknum þremur umferðum. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MÁÍ

6 7 8 9 10 11 12

Mánudagur

LEIKIR

19.15 FH og Keflavík eigast við í Meistarakeppni karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

15.45 Helgarsportíð á Rúv.

16.10 Ensku mörkin á Rúv.

17.30 Þrumuskot ensku mörkin á Skjá Einum.

18.30 US PGA Wachovia á Sýn.

20.30 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.

22.00 Olíssport á Sýn.

EMIL HALLFREDSSON: KOMINN HEIM Í HAFNARFJÖRDINN Í SUMARFRÍ

Æfir fótbolta og frjársar með FH

Emil Hallfredsson er kominn heim til Íslands í sumarfrí eftir að hafa verið á mála hjá Tottenham Hotspur í vetur. Emil hefur verið að leika með varaliði félagsins og þar hefur hann fengið að spreya sig í hinum ýmsu stöðum á vellinum í tilraunaskyni. Hann mun æfa með gamla liðinu sínu, FH, í sumar og tekur svo þátt í tveimur landsleikjum U-21 árs liðsins áður en hann heldur aftur út í júlí.

„Það er gott að vera kominn heim í mat til mömmu,“ sagði Emil í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég verð að æfa á fullu í fríinu mínu í sumar og ætla að æfa með FH og taka líka á því í frjársþróttunum líka til að undirbúa mig undir næsta tímabil. Stefnan er að komast í betra form og vera í góðum gir í landsleikjunum,“ sagði Emil.

„Þessi tími þarna úti er búinn að vera fin reynsla, ég er búinn að vera að leika allar stöður á vellinum með varaliði Tottenham og var meðal annars að spila vinstri bakvörð. Ég er nú kannski ekki besti varnarmaðurinn í boltanum, en þeir vilja sjá hvort maður getur skilað þessu varnarhlutverki sem maður

ur þarf að sinna í þessu líka. Ég ræddi við Frank Arnesen, yfirmann knattspyrnumála hjá félaginu áður en ég fór og hann sagði mér bara að standa mig vel í landsleikjunum og koma sterkur til baka í undirbúnings-tímabilið. Menn voru þokkalega sáttir við þetta hjá mér þarna og maður vonast til að fá kannski séns hjá þeim á næsta ári. Annars er Tottenham auðvitað búið að vera að kaupa mikið af leikmönnum og maður veit ekkert hvað þeir gera í sumar, svo að þetta verður bara að koma í ljós,“ sagði Emil Hallfredsson.



> Við hrósum ...

... íslensku unglíngalandsliðunum í körfuknattleik sem voru verðugir fulltrúar landsins á Norðurlandamóti unglíngalandsliða og komu heim með tvö silfurverðlaun og eitt brons.

> Við furðum okkur á ...

... háu miðaverði á leik FH og Keflavíkur í Meistarakeppni KSÍ í knattspyrnu sem fram fer í kvöld. Miðað við gæði knattspyrnunnar á þessum tíma árs ættu 200 krónur að vera kappróg fyrir aðgang á hvern leik.



Boston setti vafasamt met

Tvær úrslitaviðureignir voru í fyrstu umferð úrslitakeppni NBA-körfuboltans á laugardagskvöldið. Dallas Mavericks rústaði Houston Rockets, 116-76, og Indiana Pacers fór létt með Boston Celtics, 97-70.

KÖRFUBOLTI Tveir oddaleikir í fyrstu umferð úrslitakeppinnar í NBA-körfuboltanum fóru fram á laugardagskvöldið. Þar mættust Indiana Pacers og Boston Celtics annars vegar og Dallas Mavericks og Houston Rockets hins vegar. Körfuboltaáhugafólk hefur ugglaut hugsað sér gott til glóðarinnar enda ekki á hverjum degi sem hreinir úrslitaleikir eru í boði.

Indiana vann Boston örugglega á útivelli, 97-70, og áttu Celticsmenn afar erfitt uppráttar gegn sterkri vörn Pacers og hafa aldrei skorað jafn lítið í leik í úrslitakeppni. Stephen Jackson var stigahæstur í liði Pacers með 24 stig en Antoine Walker fór fyrir Celtics með 20 stig. Celtics tapaði þremur af fjórum heimaleikjum sínum í seríunni sem er met hjá félaginu. „Þetta er skrytið og gerir mann hugsi,“ sagði Antoine Walker, svekktur eftir tapið. „Maður leggur hart að sér til að ná í heimaleikjaréttinn. Ef þið hefðuð sagt mér að við myndum tapa þremur af heimaleikjum okkar þá hefði ég ekki trúað því.“

Dallas Mavericks róbustaði Houston Rockets á heimavelli með 40 stiga mun, 116-76, og Rockets er komið í sumarfrí. Jason Terry skoraði 31 stig fyrir Mavericks en Yao Ming var atkvæðamestur Rocket-manna með 33 stig, 10 fráköst og 5 varin skot. Mavericks leiddi leikinn frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu og sá lið Rockets aldrei til sólar gegn vel smurðu liði heima-manna.

Tracy McGrady, leikmaður Rockets, var svekktur yfir tapinu

en sagði tímaspursmál hvenær hann færi alla leið. „Ég er vonsvikinn og reiður en að sama skapi mun ég ekki hengja haus,“ sagði McGrady sem hefur komist 5 sinnum í úrslitakeppnina en aldrei náð í undanúrslit. „Ég er 25 ára gamall, ég á helling eftir og ég verð hér á næsta ári. Það er klárt,“ bætti McGrady við.

Dallas mætir Phoenix Suns í undanúrslitum Vesturdeildarinnar og er fyrsta viðureignin í kvöld. Þar hittir liðið fyrir Steve Nash, nýkjörinn MVP í ár, sem sagði skilið við Mavericks á síðasta ári.

Steve Nash valinn bestur

Eins og fram kom í fréttum um helgina var Steve Nash hjá Phoenix Suns valinn verðmætasti leikmaður ársins í NBA deildinni í árlegu kjöri íþróttafráttamanna í Bandaríkjunum í gærkvöldi. Nash hafnaði naumlega í toppsætinu á undan Shaquille O'Neal, sem varð í öðru sætinu, aðeins 34 stigum á eftir honum. Nash hlaut 1066 atkvæði á móti 1032 atkvæðum O'Neal. Þessir leikmenn voru langefstir í kjörinu, en í þriðja sæti með 349 stig hafnaði vinur Nash, Dirk Nowitzki hjá Dallas og rétt á eftir honum kom Tim Duncan hjá San Antonio með 328 stig og Allen Iverson hjá Philadelphia fékk 240 atkvæði í fimmta sætinu.

Nash er aðeins sjötti bakvörðurinn til að hljóta verðlaun þessi síðan þau voru afhent fyrst árið 1981, en hann var eins og allir vita lykilmáður í sigursælasta liði deildarinnar í ár og leiddi deildina í stoðsendingum með yfirburðum.



AFRAM Í UNÐANÚRSLIT Reggie Miller og félagar í Indiana Pacers eru komnir í undanúrslit Austurdeildarinnar í úrslitakeppni NBA-körfuboltans.

Góður árangur íslensku unglíngalandsliðanna á NM í Svíþjóð:

Tvö silfur og eitt brons

KÖRFUBOLTI Norðurlandamóti unglíngalandsliða í körfuknattleik sem fram fór í Svíþjóð lauk í gær. Drengjalið U-18 vann Noreg í leik um 3. sæti, 86-81 en Íslendingar náðu mest 20 stiga forystu í leiknum. Norðmenn voru ekki af baki dottnir og skoruðu 16 stig í röð í fjórða fjórðung en íslenska liðið hélt haus í lokin og fékk brons.

Stúlknalið U-18 átti ekki möguleika gegn Svíum og voru mest 33 stigum undir í úrslitaleik mótsins. Íslensku stelpurnar áttu engu að síður ágætis endasprett og klóruðu í bakkann.

U-16 strákarnir töpuðu með 4 stigum gegn Svíum í jöfnum og spennandi leik en hinir sænsku voru þó alltaf skrefinu á undan. Íslenska liðið komst aldrei yfir í seinni hálfleik og réði varamannabekkur Svíþjóðar úrslitum í leiknum en bekkur liðsins skilaði 46 stigum í leiknum gegn einu frá bekk Íslendinga. ■



Í HAM GEGN NOREGI Brynjar Þór Björnsson átti stórleik gegn Norðmönnum og skoraði 26 stig.

Arsenal–Liverpool: Everton fagnaði

FÓTBOLTI Vonir Liverpool um að ná fjórða sætinu í ensku úrvalsdeildinni voru gerðar að engu í gær þegar Arsenal lagði þá að velli á Highbury, 3-1.

Eins og svo oft áður í vetur þá var spilamennska Liverpool algjör andstæða við frammistöðu liðsins í Meistaradeild Evrópu þar sem liðið hefur farið á kostum. Í fyrri hálfleik var aðeins eitt lið á vellinum og Arsenal uppskar eftir því.

Robert Pires skoraði beint úr aukaspyrnu og kom sínum mönnum í gang og Jose Antonio Reyes skoraði annað mark liðsins skömmu síðar. Steven Gerrard klóraði í bakkann fyrir Liverpool en síðasta naglann í kistu Liverpool rak Fabrecas eftir glæsilega sókn heimamanna. Úrslitin í dag þýða að Liverpool getur ekki náð Everton að stigum og Arsenal hefur nánast tryggt sér annað sætið í deildinni. ■

ÚR SPORTINU

Raikonnen sigraði á Spáni

Úrslitaleikur B-deildar Deildabikarkeppni KSÍ fór fram á laugardaginn. Leiknir Reykjavík vann þá Fjölni, 2-0. Leiknir, sem leikur í 2.deild, þótti sterkari aðilinn í leiknum. Pétur Svansson og Haukur Gunnarsson gerðu mörk Leiknis. Fjölnismönnum tókst aldrei að ógna marki Leiknis að neinu viti. Þetta er fyrsti titill félagsins í meistaraflokki og það er ljóst að Leiknismenn verða sterkir í 2.deildinni sem hefst 16.maí.

Lubos Michael, dómari sem læmi viðureign Liverpool og Chelsea í Meistaradeild Evrópu í síðustu viku hefur sagt það að ef mark Luis Garcia hefði ekki verið dæmt gott og gilt þá hefði hann rekið Petr Cech, markvörð Chelsea að velli og dæmt vítarspurnu. Hann segir að Chelsea hafi hreinlega verið heppið að markið var látið standa. „Ef aðstoðardómari hefði ekki flaggað mark þá hefði ég rekið Cech af velli og dæmt vítarspurnu,“ sagði Lubos Michael.

Vonir Tottenham um að komast í Evrópukeppni félagsliða á næstu leiktíð, dvínuðu all verulega þegar liðið beið 1-0 ósigur gegn Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni í gær. Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham var þungur á brún í leikslok. „Það er alltaf erfitt að spila á útivelli og að fá á sig svona mark er sorglegt. Við þurfum að breyta okkar leik en vorum aldrei líklegir til að skora tvö mörk. Það sást líka í dag hverjir eru með yngsta liðið,“ sagði Jol.

Southampton varð fyrir áfalli í gær þegar Peter Crouch var rekinn af velli í jafnteflisleik þeirra gegn Crystal Palace. Hann verður því í banni í lokaumferðinni þegar Southampton tekur á móti Man.Utd og það er skarð fyrir skildi hjá heimamönnum sem dugir ekkert annað en þrjú stig. Harry Redknapp sagði að þetta væri vissulega mikið áfall fyrir liðið. „Þetta er auðvitað gríðarlegt áfall fyrir okkur, við verðum án hans gegn Man.Utd og við megum illa við því, hann er nauðsynlegur fyrir okkur,“ sagði Redknapp sem verður að treysta á aðra sóknarmenn liðsins í lokaumferðinni.

Wigan Athletic komst í gær upp í ensku úrvalsdeildina eftir 3-1 sigur á Reading í lokaumferðinni. Það þýðir að Reading situr eftir með sárt ennið í 7. sæti deildarinnar og kemst ekki í umspilið um laust sæti í úrvalsdeildinni. Wigan fylgir Sunderland upp en Sunderland hafði fyrir nokkru tryggt sér sæti í úrvalsdeildinni á nýjan leik. Hvaða lið fylgir þessum tveimur upp kemur í ljós í lok maí en þau lið sem leika um þetta eina lausa sæti eru West Ham, Derby, Preston og Ipswich. Reading, félag Ívars Ingimarssonar, tapaði fyrir Wigan í dag sem fyrr segir og missti þar með af síðasta umspils-sætinu. Ívar lék allan leikinn.

FORMÚLA Finnski ökuþórinn Kimi Raikonen vann nokkuð auðveldan sigur í spænska kappakstrinum í Formúlu eitt um helgina og lyfti sér með sigrinum í þriðja sætið í keppni öikumanna. Spánverjanum Fernando Alonso tókst þar með ekki að vinna sinn fjórða sigur í röð fyrir framan landa

sína. Alonso lenti í öðru sæti í keppninni í gær og þeir Jarno Trulli og Ralf Schumacher höfnuðu í þriðja og fjórða sæti. Michael Schumacher ók vel í gær, en þurfti að hætta keppni vegna bilunar og var þetta í fyrsta skipti síðan hann hóf að aka með Ferrari sem hann nær ekki að sigra í

fimm keppnum í röð.

„Ég þakka sigurinn fyrst og fremst allri þeirri vinnu sem allir hjá liðinu hafa lagt á sig upp á síðkastið,“ sagði Raikonen eftir sigurinn. „Ég er sáttur við sjálfan mig og allt liðið og vona að áframhald verði á velgengninni,“ sagði Finninn.



SIGRINUM FAGNAÐ Kimi Raikonen á McLaren Mercedes fagnaði fyrsta sigrinum.

» Hyundai Getz
Verð frá kr. 1.220.000
Stóri smábíllinn frá Hyundai



Geggjaður Getz

„Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bíll með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar. Og farangursrýmið er tvískipt. Alveg geggjaður bíll!“

Hyundai Getz GLS 5 dyra, beinskiptur. Þú eignast hann fyrir kr. 1.320.000 Bilasamningur kr. 14.300 á mánuði m.v. 30% útborgun. Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Kr. 14.300
á mánuði.*



HYUNDAI
hefur gæðin



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Sterkur leikur

Fyrstir til að tryggja kaupendum **fast endursöluverð**

Nánari upplýsingar á www.komatsu.is

KOMATSU
TEKUR FÖRSTUNA

KRAFTVÉLAR EHF. • Dalveg 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • Fax 535 3509 • www.kraftvelar.is





Skoda Octavia
árgerð 2003, ekinn 26 þ. km,
5 dyra, sjálfskiptur, 1,9 l dísil
verð: 1.900.000 kr.



Nissan Almera
árgerð 2003, ekinn 30 þ. km,
4 dyra, beinskíptur, 1,8 l
verð: 1.450.000 kr.



Kia Sportage
árgerð 2002, ekinn 61 þ. km,
4 dyra, beinskíptur, 2 l dísil
verð: 1.140.000 kr.



Subaru Legacy
árgerð 2002, ekinn 50 þ. km,
4 dyra, sjálfskiptur, 2 l
verð: 1.550.000 kr.



Peugot 406
árgerð 2001, ekinn 44 þ. km,
5 dyra, sjálfskiptur, 2 l
verð: 1.375.000 kr.



Volkswagen Passat
árgerð 2002, ekinn 76 þ. km,
5 dyra, beinskíptur, 1,8 l
verð: 1.180.000 kr.



Kia Sportage
árgerð 2002, ekinn 61 þ. km,
4 dyra, beinskíptur, 2 l dísil
verð: 1.140.000 kr.

KIA Flatahauni 31
Hafnarfirði
sími 555 6025
www.kia.is

Góð staða Juventus

Juventus sýndi styrk sinn þegar liðið lagði AC Milan að velli í uppgjöri toppliðanna á Ítalíu í gær.

FÓTBOLTI Juventus er komið á toppinn í ítölsku knattspyrnunni eftir 1-0 útisigur í stórleiknum gegn Milan í gær. Leikurinn var hnífjafn en Juventus tókst að halda forystunni sem þeir náðu um miðjan fyrri hálfleik og fóru því með þrjú stig í farteskinu en skallamark David Trezeguet skildi liðin að.

Það virtist stefna í óefni fyrir Juventus í byrjun því Milan byrjaði af miklum krafti og uppskar snemma tvö góð marktækifæri sem liðinu tókst ekki að nýta. Það var því að nokkru leyti þvert gegn gangi leiksins þegar David Trezeguet skoraði með skalla eftir stórbrotna sendingu frá Alessandro Del Piero. Milanliðinu virtist brugðið við þetta mark og gestirnir náðu tókum á leiknum.

Þjálfara Milan, Carlo Ancelotti þótti nóg um í hálfleik og gerði taktíska breytingu ásamt því að setja Serginho inn á í stað Andrea Pirlo. Sú breyting virkaði sem vítamínsprauta fyrir Milan og skömmu síðar setti hann Filippo Inzaghi inn fyrir Jon Dahl Tomasson. Það leið ekki á löngu þar til Inzaghi var nálægt því að jafna metin en honum brást fótafimin í það skiptið. Eftir þetta skiptust liðin á að skapa sér marktækifæri og Del Piero var nálægt því að koma gestunum í lykilstöðu en skalli hans fór í slána. Hvað sem liðsmenn Milan reyndu þá gekk



MEÐ AÐRA HÖND Á TITLINUM Leikmenn Juventus féllust í faðma að leik loknum í gær enda tryggði sigurinn á AC Milan þeim nánast örugga forystu á toppi ítölsku deildarinnar. Þrjár umferðir eru nú óleiknar.

þeim erfiðlega að brjóta vel skipulagða vörn gestanna niður og skora markið sem hefði haldið þeim í toppsætinu en niðurstaðan varð sú sem þeir óskuðu sér allra síst, tap á heimavelli og 2. sætið í deildinni.

Milan virðist vera í einhverri lægð og sú lægð kemur ekki á

besta tíma fyrir liðið sem er í baráttu við Juventus um ítalska meistaratitilinn og framundan er úrslitaleikur við Liverpool í Meistaradeild Evrópu. Betur má ef duga skal hjá Milan sem verða að hysja upp um sig buxurnar ef þeir ætla ekki að enda tómhentir í lok maí. ■

Íslendingar erlendis: Arnar Þór skoraði

FÓTBOLTI Arnar Þór Viðarsson skoraði annað mark Lokeren er liðið mætti Oostende í belgísku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Lokeren vann leikinn 2-0 en mark Arnars kom á 72. mínútu. Arnar Grétarsson og Rúnar Kristinsson voru einnig í byrjunarliði Lokeren en var báðum skipt út af í seinni hálfleik.



ARNAR ÞÓR VIÐARSSON Skoraði fyrir Lokeren í gær.

Stefán Gíslason og félagar í Lyn töpuðu gegn Rosenborg, 2-1, í norsku úrvalsdeildinni. Lið Jóhannesar Harðarsonar vann góðan sigur á Odd Grenland, 4-0, á heimavelli. Jóhannesi var skipt út af á lokamínútu leiksins.

Aalesund tapaði fyrir Tromsø á útvelli og spilaði Haraldur Guðmundsson allan leikinn fyrir Aalesund. Lið Arna Gauts Arasonar, Vålerenga, vann Bodo/Glimt, 1-0.

Hannes Sigurðsson kom inn á sem varamaður í byrjun seinni hálfleiks er lið hans, Viking, tapaði á heimavelli fyrir Molde, 3-2.

ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR

NYTT Á ÍSLANDI

allt að 50% ódýrari

Öll helstu merkin í verkfærum. Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skúfum og saum. Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

12.490 kr.	18.490 kr.	verð frá 1.096 kr.	1.389 kr.	5.800 kr.
HÁPRÝSTIDÆLA 110 BAR	DEWALT SDS PLUS BORHAMAR 600W	AXA LEX STORMJÁRN	VINNUBORÐ SAMFELLANLEGT	VERKFÆRAKASSI Á HJÓLUM
4.490 kr.	699 kr.	verð frá 390 kr.	1.950 kr.	690 kr. pr.stk
HANDBLAUG Á VEGG 58X46	HANDSÖG JACK 550 MM	SKRÚFUBOX VERKFÆRABOX	MALARSKÓFLA	HRÍFA, BEÐAKLÓRA BEÐASKAFA

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15
Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna

Hver tekur fyrsta bikar ársins?

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH og bikarmeistarar Keflavíkur mætast í kvöld í Meistarakeppni KSÍ en leikurinn fer fram á aðalvelli í Kaplakrika.

Hvortugt þessara liða hefur áður unnið bikarinn þannig að það er ljóst að nýtt nafn verður ritað á bikarinn í kvöld. Meistarakeppnin markar yfirleitt byrjun sumarsins og því er um að gera fyrir knattspyrnuunnendur að skella sér í Kaplakrika og sjá þessi tvö lið etja kappi um bikarinn.

FH verður án Tommy Nilsen sem tekur út leikbann en hann var úrskurðaður í leikbann eftir keppnistímabilið í fyrra. Annars eru flestir leikmenn liðanna klárir í þennan fyrsta slag sumarsins og það verður án efa hart barist í Kaplakrika í kvöld. Dómari í kvöld er Egill Már Markússon og honum til aðstoðar verða Einar K. Guðmundsson og Sigurður Óli Þorleifsson. Varadómari er Kristinn Jakobsson. ■

Wise hættur hjá Millwall

FÓTBOLTI Dennis Wise er hættur sem knattspyrnustjóri Millwall en hann tilkynnti ákvörðun sína í dag. Dennis Wise sem hefur verið



WISE OG PAPHITIS Þjálfarinn og stjórnarformaðurinn samfagna.

spilandi knattspyrnustjóri hjá félaginu sagði ástæðuna vera einfalda. „Ég fór á fund með stjórnarformanninum og hann sagði mér sína stefnu og ég var hreint út sagt ekki sammála henni,“ sagði Wise. Ray Wilkins hefur verið nefndur til sögunnar sem eftirmaður Wise. ■



Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalísýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Misproska drengur bauð 800 þúsund í treyju Eiðs Smára



Átti ekki fyrir treyjunni en var bjargað af Eggerti Skúlasyni

DV – hefur þú séð DV í dag?

STUÐ MILLI STRÍÐA : Ég braut gítarinn á hausnum á honum

SMÁRI JÓSEFSSON HEYRDI FRÁSÖGN AF FRUMLEGUM SLAGSMÁLUM



Okkar ástkæru sjómönnum finnst hreint ekki leiðinlegt að segja sögur af sjálfum sér. Oftar en ekki er dágóður skammtur af á f e n g i s l u n e y s l u innifalinn í frásögnunum og vill árásarhneigðin oft blossa upp í mönnum. Það er því ekki komið að tónum slagsmálakofunum hjá þessum hetjum landsins. Sjómaður nokkur vestan af

landi stærði sig eitt sinn af því að hafa lent í stympingum við þekktan gítarleikara hér á landi. Atvikið átti sér stað í teiti heima hjá strengjaplokkaranum góða. „Ég var búinn að eiga í vandræðum með hann lengst af enda merkilega vel á sig kominn af gítaraleikara að vera,“ sagði sjóarinn að viðstöddum nokkrum félögum sínum sem sperttu eyrun. Kallinn sjálfur var nú ekki hár í loftinu og, að því er virtist, ekki mjög burðugur líkamlega séð. Það kom því á óvart að hann hafði lagt fullvaxinn karlmann að velli í handalögum.

Frásögn sjómannsins hélt áfram. „Það var samt gaman að

eiga við gaurinn enda ekki á hverjum degi sem maður fær að dangla í íslenska poppstjörnu,“ sagði sögumaðurinn, yfir sig ánægður með afrek sitt.

Þegar dágóður tími var liðinn á slagsmálin fékk okkar maður sig fullsaddan af kýtingunum. „Hann var eitthvað að reyna að streitast á móti og þá var mér nóg boðið,“ sagði hetja hafsins. „Þá rak ég augu í gítarinn hans sem lá þarna rétt hjá. Ég fékk þá þessa líka frábæru hugmynd. Ég reif upp gítarinn, hóf hann til lofts og braut hann á hausnum á honum,“ fullyrta kappinn með montglampa í auga. „Og síðan hefur hann spilað á bassa!“ ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

Talstöðin
FM 90,9

HÁDEGISÚTVARPIÐ
Fréttir og fréttatengt efni í umsjón
Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar.
Alla virka daga kl. 12.

TÓNLEIKAR

Skreytir með háu nóttunum

Síðustu útskriftartónleikar tónlistardeildar Listaháskóla Íslands þetta vorið verða haldnir í kvöld í Íslensku óperunni. Það er Sólveig Samúelsdóttir sem lýkur tónleikaröðinni með því að syngja sönglög og ariur eftir Purcell, Bizet, Ture Rangström, Sibelius, Dvorak, Jónunni Viðar, Richard Strauss, Joaquin Rodrigo og Tsjaikovskí. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og meðleikari á píanó verður Antonia Hevesi.

Sólveig hefur heldur betur verið önnur kafin undanfarið. Auk þess að æfa sig fyrir útskriftartónleikana syngur hún í óperunni Apótekararum, sem sýnd er í Íslensku óperunni þessa dagana. Fyrir helgi lagði hún svo síðustu hönd á lokaritgerð sína við skólann.

„Það hefur verið alveg nóg að gera.“

Lokaritgerðin fjallar um raddgerðir kvenna og hvernig hægt er að aðgreina þær, sem oft vill flækjast fyrir jafnvel hörðustu áhugamönnum um klassískan söng. Flokkarnir eru fleiri en bara alt og sópran.

„Raddgerðir kvenna eru óþrjótandi uppspretta vangaveltma, og sjálf hef ég lent í vandræðum með að staðsetja mína rödd. Fyrst var ég sópran, en núna ber ég heitið messósópran, nánar tiltekið hár messósópran eða kóleratúrmessósópran.“

Messósópranrödd liggur aðeins neðar en sópranrödd, en Sólveig segir þetta ekki svo einfalt að eingöngu sé farið eftir því hvort söngkona kemst upp á ákveðinn tón.

„Sjálf hef ég mikinn hreyfanleika í röddinni. Ég kemst hátt upp, en þarna uppi eru ekki beint nóttur sem ég vil syngja laglínur á. Ég vil heldur syngja neðar en nota háu nótturnar til þess að skreyta með.“

Aðalkennari Sólveigar hefur verið Elísabet Erlingsdóttir söng-



SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR Heldur útskriftartónleika sína frá Listaháskóla Íslands í Íslensku óperunni í kvöld.

kennari en auk þess hefur hún notið leiðsagnar píanóleikaranna Richards Simm og Antoníu Hevesi. Í janúar síðastliðnum kom hún fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands í framhaldi af samkeppni LHÍ og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Sólveig tók þátt í uppfærslu Óperu-

stúdíós LHÍ og Íslensku óperunnar á Sígaunabaráni Johanns Strauss vorið 2004 og fer með hlutverk Volpinos í uppfærslu Óperustúdíósins á Apótekararum eftir Haydn vorið 2005. Sólveig hefur auk þess komið fram sem einsöngvari við fjölmörg önnur tækifæri. ■

Auglýsing um framlagningu skattskrár 2004 og virðisaukaskattskrár fyrir rekstrarárið 2003

Í samræmi við 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt er hér með auglýst að álagningu skatta og kærumeðferð er lokið á alla aðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laganna.

Tekin hefur verið saman skattskrá þar sem fram koma barnabætur, vaxtabætur, tekjuskattur, eignarskattur og önnur þau gjöld sem skattstjóri lagði á hvern gjaldanda í umdæmi sínu álagningarárið 2004, vegna tekna ársins 2003 og eigna í lok þess árs.

Einnig hefur, samkvæmt 46. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt verið tekin saman virðisaukaskattsskrá fyrir rekstrarárið 2003. Tilgreindur er ákvarðaður virðisaukaskattur eða endurgreiddur virðisaukaskattur virðisaukaskattsskyldra aðila.

Skattskrár og virðisaukaskattsskrár verða lagðar fram í öllum skattumdæmum mánudaginn 9. maí 2005 og liggja frammi hjá skattstjórum í hverju umdæmi og hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju skattumdæmi dagana 9. maí til 20. maí 2005 að báðum dögum meðtöldum.

9. MAÍ 2005

Skattstjórinn í Reykjavík, Gestur Steinþórsson.

Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi, Stefán Skjaldarson.

Skattstjórinn í Vestfjarðumdæmi, Guðrún Björg Bragadóttir.

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra, Bogi Sigurbjörnsson.

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra, Gunnar Karlsson.

Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi, Karl Lauritzson.

Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi, Hreinn Sveinsson.

Skattstjórinn í Vestmannaeyjum, Ingi Tómas Björnsson.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi, Sigmundur Stefánsson.

Apótekarinn eftir Haydn

Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning
Ath. Aðgangur ókeypis



www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

KODDAMAÐURINN SAFARÍKT SAKAMÁLALÉIKRIT!

Stóra sviðið kl. 20.00

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson

6. sýn. mið. 11/5 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 21/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 26/5 nokkur sæti laus.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Fim. 12/5 uppselt, fös. 13/5 örfá sæti laus, fös. 20/5 örfá sæti laus, sun. 22/5 nokkur sæti laus. Sýningum fer fækkandi í vor.

MÝRARLJÓS - Marina Carr

Aukasýning fim. 19/5 örfá sæti laus.

KLAUFAR og KÖNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen, Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 22/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 28/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh

Mið. 11/5 nokkur sæti laus, fim. 26/5. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Samkomuhúsið á Akureyri kl. 20.00 - Leikfór

GRÆNA LANDIÐ - Ólafur Haukur Simonarson

Fös. 13/5, lau. 14/5. Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefvang: www.leikhusid.is

Opíó kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Simapantanir frá kl. 10:00 virka daga.

Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30

www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.

Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA

